132. fundargjörð.

Sunnudaginn 1. maí 1960 var fundur settur og haldinn að Efri-Fitjum í Kvenfélaginu „Freyja". 11 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Ritari kosinn Ingibjörg Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Rætt var um fyrirhugaðan fræðsludag er haldinn yrði í vor á vegum K.B., en þar mætir og kennir Steinunn Ingimundardóttir heimilisráðunautur. Formaður skýrði frá því, að hún væri búin að útvega stað á Lækjamóti. Ennfremur, að húsfreyjan þar Elín Hólmfreðsdóttir tæki ekkert fyrir átroðninginn. Þótti konum þetta vel boðið.
2. Fermingarkyrtlarnir. Ákveðið var, að Kvenfélagið ætti kyrtlana og hugsaði um hreinsun á þeim. Einnig að það lánaði þá, ef óskað væri eftir, gegn ákveðnu gjaldi hvert sinn. Búið er að þvo þá einu sinni. Voru þeir sendir til Reykjavíkur í hreinsun. Kostaði það kr. 154,50.

3. Rætt var um að losa þær konur, sem eru 65 ára og eldri við að hugsa um veitingar og önnur erfiðari störf fyrir kvenfél. Var fundurinn því samþykkur.

4. Réttardagurinn. Guðrún Danielsdóttir tekur að sér að vinna við kaffisöluna réttardagana, eins og að undanförnu. Eftirtaldar konur kosnar til að baka:
Ingibjörg Jónsdóttir, Guðrún Danielsdóttir, Ólína Sigtryggsdóttir, Ingveldur Björnsdóttir, Guðrún Ingvadóttir og Anna Teitsdóttir.

Fleira var ekki tekið fyrir og sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

133. fundargjörð

Ár 1960 var 9. nóv. var fundur settur og haldinn að Sólbakka í Kvenfél. „Freyja“ 18 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Margréti Jóhannesdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Félagsstarfsemin. Fríða Sigurbjörnsdóttir bar þá ósk fram að konur reyndu að koma á einhverskonar starfsemi í þágu félagsins n.k. vetur. Benti hún á, að Kvenfél. „Sigurósk“ hefði verið með basar s.l. vetur og haft af því talsverðan ágóða. Mætti líka haga starfseminni á annan veg, ef konum þætti það betur henta.
Formaður óskaði eftir, að konur kæmu með vinnu sína á fundina og sýndu hver annari. Gæti hvorttveggja verið, bæði að því gagn og gaman. Ennfremur kom formaður með þá uppástungu, að konur kæmu saman eitthvert kvöld fyrir jól og skemmtu sér á ýmsan hátt, við spil, dans og fleira.

Máttu þær taka með sér gesti, eftir vild.

2. Blaðaútgáfa. Formaður kom með þá uppástungu, að félagið kæmi af stað blaði, sem konur skrifuðu í sín áhugamál eða skemmtiefni. Undirtektir voru misjafnar, en ákveðið var, að reyna þetta. Ritstjóri var kosinn Herdís Sturludóttir. Blaðinu var gefið nafnið: „Græðlingur".

3. Kaffisala réttardagana. Það sem inn kom voru kr. 4,509 brúttó kostnaður 1,396 kr., hreinn ágóði kr. 3,113,00

4. Barnaskemmtun. Fundurinn ákvað, að koma á barnaskemmtun um hátíðinar, sem að undanförnu. Var skemmtinefndinni falið að sjá um hana.

5. Gjaldkeri K.B., Kristín Gunnarsdóttir las upp fundargjörð K.B. frá 18. júní s.l. til glöggvunar og gamans fyrir fundarkonur. Formaður K.B., Jósefína Helgadóttir gaf ekki kost á sér lengur sem formaður, en í hennar stað var kosin Lára Inga Lárusdóttir Skeggjastöðum.

Næsti fundur ákveðinn í janúar. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari)

134. fundargjörð.

Árið 1961, 27 jan. var fundur settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja“ að Auðunarstöðum. 16 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Happdrætti. Formaður bar fram þá tillögu, að reynt yrði í framtíðinni í samráði við ungmennafélagið, að koma af stað happdrætti til ágóða fyrir félagsheimilið „Víðihlíð“. Það er í mikilli fjárþröng og þarfnast mikilla endurbóta, svo húsið sé nothæft til skemmtanahalda, eða annars, sem að gagni má koma fyrir sveitarfélagið. Málið var töluvert rætt. og gengið til atkvæða með það. Var það samþykkt, með öllum greiddum atkvæð. Stjórn „Freyju“ var falið að ræða við stjórn ungm. fél. „Víðir“ um fyrirhugað happdrætti. Verður að því loknu endanlega gengið frá öllum undirbúningi.

2. Lesin upp fundargjörð formanna félaga innan K. B., frá 26. nóv. 1960. Fundur sá var haldinn á Hvammstanga.

Fyrirspurnir komu heim til félaganna frá fundinum.
1. Hvort fækka skyldi happdrættismiðum fyrir næstu K.B skemmtun. 2. Hvort hækka skyldi gjald miðanna úr 2,50 í kr. 5,00
Fundurinn samþykkti að fækka skyldi miðunum í 7,000 – 8,000 miða og að gjald miðanna stæði óbreitt, 2,50.

3. Erla Guðmundsdóttir bar fram þá tillögu, að ágóði af næstu K. B. skemmtun (að sjálfsögðum frádregnum ágóða af happdrættinu) renni í sjóð K. B. næsta ár. Fundurinn var því einróma samþykkur, að konur starfi sem að undanförnu að undirbúningi fyrir K. B. skemmtanir, en óskar aftur eftir því, að kvenfélögin séu leist undan fjárframlögum til happdrættisvinninga, hann telur, að happdr. eigi að standa undir sér sjálft.

4. Fundurinn ákvað, að reyna að koma á bazar á næstunni, til fjáröflunar fyrir félagið. Til tals kom, að konur kæmu með muni á næsta fund. Form. bar fram þá ósk til félagskv. að þær skrifuðu í blaðið lýsingu á bæjum, sem þær byggju í nú og jafnvel á eldri bæjum. Væri það í framtíðinni góðar heimildir. Fleira ekki rætt. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir. (ritari)

135. fundargjörð.

Föstudaginn 3. marz 1961 var fundur haldinn að Sólbakka með stjórnum u. m. fél. „Víðir“ og kvenfélagsins „Freyju“.

Dagskrá fundarins:

Rætt var um sameiginlegt happdrætti þessara félaga, til ágóða fyrir væntanlegt félagsheimili í Víðihlíð. Happdrættið nefnist ferðahappdrætti „Víðis“ og „Freyju“ í Víðidal.

Útgefnir verða 3,000 miðar og verð miðans ákveðið Kr. 25.00 Vinningar verða 10, á Kr. 1,000 - hver, og 20 vinningar á Kr. 500 - hver. Dregið verður 15. des. 1961.

Ágóðinn skiptist þannig milli félaganna. U. m. fél. „Víðir“ hefur 2/3 og kvenfél. 1/3 hluta. Framkvæmd happdrættisins verður í höndum tveggja aðila, sem verða kosnir sinn úr hvoru félagi.

Magnús Sveinbjörnsson Herdís Sturlud. Erla Guðmundsdóttir.
Pétur Daníelsson. Jóhannes Eggertsson. Ingibjörg Ólafsdóttir.

136. fundargjörð.

Ár 1961, 12. marz var aðalfundur Kvenfél. „Freyju“ haldinn að Stórhól. 16 fundarkonur voru mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Fríðu Sigurbjörnsdóttir.
Fyrsta mál á dagskrá voru reikningar félagsins.
Gjaldkeri las þá upp og voru þeir samþykktir.
Næsta mál kosningar. Gjaldkeri átti að ganga úr stjórninni og gaf ekki kost á sér. Sigríður Konráðsdóttir var kosinn gjaldkeri og til vara Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Kosningu hlutu á sambandsfund: Fríða Sigurbjörnsdóttir og Herdís Sturludóttir. Ritstjóri blaðsins „Græðlings“ var kosinn. Hlaut Elinborg Halldórsdóttir þá vegsemd og með henni í ritnefnd, Ingibjörg Ólafsdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Fundarkonur kusu formanninn til að sjá um framkvæmd happdrættisins.
Fundurinn samþykkti uppástungu Fríðu Sigurbjörnsdóttur um að kaupa hálfan poka af garðáburði, til þess að bera í kring

um plönturnar í „Freyjulundi.“
Formaður las upp annað (blað) tölublað „Græðlings“ og afhenti Elinborgu Halldórsdóttur blaðið, til lestrar og halds.
Fundurinn ákvað að hækka árgjald félagskvenna upp í Kr 25,00
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir
(ritari.)

137. fundargjörð.

Ár 1961, 4. mai var fundur haldinn í Kvenfélaginu „Freyja“ að Víðidalstungu. 19 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. Sambandsfundur. Komið hefur til orða, að hafa hann ekki

seinna en 4. júní. Fundurinn verður haldinn í Víðihlíð.
Ákveðið er, að skipta konunum í 4 flokka og ráða þær
hvernig verkum er skipt á millum þeirra, við allan
undirbúning. Reynandi að hafa sýningu, í sambandi við
fundinn.

2. Réttardagurinn. Konur kosnar til að baka fyrir réttardag-
ana: Kristín Árnadóttir, Elinborg Halldórsdóttir, Kristín
Ásmundsdóttir, Friðbjörg Ísaksdóttir, Sigríður Konráðsdóttir
og Fríða Sigurbjörnsdóttir. Guðrún Danielsdóttir og Sigurbjörg
Þórðardóttir sjá um kaffisöluna.

3. „Græðlingur“ Ritstjórinn las upp blaðið, var þar sitt
af hverju, mjög greinagott og skemmtilegt.

4. Basar. Á Kvenfél. fundi 27. jan. 1961 var samþykkt sú
tillaga að konur gæfu heima tilbúna muni, sem seldir
yrðu til ágóða fyrir félagið. Nú, á þessum fundi bárust
munir frá nokkrum konum, mjög vel frá gengnir.

Form. þakkaði konum samstarfið á vetrinum. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir ritari

## 138. fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Kvenfélaginu „Freyja“ að Víðihlíð 5. nóv. 1961. 14 konur voru mættar.

Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Margréti Jóhannesdóttur.

Dagskrá fundarins:

1. „Græðlingur“. Ritstjóri las upp blaðið, var þar sitt af hvoru, bæði í bundnu og óbundnu máli, vel og skilmerkilega frá gengið.
2. Innsveitisskemmtun. Ákveðið var, að hafa skemmtun fyrir jól, ef ungmennafélagið hefur ekki skemmtun á því tímabili. Ennfremur var ákveðið að hafa barnaskemmtun um jólin. Skemmtinefndin á að sjá um skemmtunina, en fundurinn ákveður, að hver fullorðinn borgi Kr. 10,00, en Kr. 5,00 á barn og sama gjald fyrir þrjú börn, en ókeypis fyrir fleiri, þar sem mörg börn eru á heimili
3. Réttardagarnir. Kaffisala á réttardagana gekk mjög vel, en ekki var vitað um útgjöldin, svo ekki var hægt að ganga endanlega frá ágóðanum af kaffisölunni.

4. Basar. Á fundi 27. jan. 1961 var tekinn sú ákvörðun að reyna að koma á basar, til fjáröflunar fyrir félagið. Sölnuðust margir og góðir munir. Voru þeir seldir á Hvammstanga. Seldust þeir á mjög skömmum tíma fyrir kr. 1535,00. Einnig barst félaginu kr. 400,00 að gjöf, í því sambandi.
Fleira lá ekki fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir.
(ritari.)

139. fundargjörð.

Ár 1962, 14. jan. var fundur settur og haldinn í kvenfélaginu „Freyja" að Víðihlíð. 12 konur voru mættar.
Formaður nefndi til fundarstjóra Ingibjörgu Ólafsdóttur og fundarritari kosinn Margrét Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Lesin upp síðasta fundargjörð.
2. Ritstjóri „Græðlings" las upp blaðið, var þar sitt af hvoru, bæði í bundnu og óbundnu máli. Fundurinn ákvað, að

framvegis kæmu í blaðinu ýmsar fréttir úr sveitinni, sem þess eru verðar, að þeim sé haldið til haga.

3. „Freyjulundur“ Formaður lét í ljósi þá skoðun, að nauðsynlegt væri að hirða betur um trjálundinn, en gjört hefur verið undan farið. Sagði hann, að mikils virði væri, að bera áburð að plöntunum, sökum vaxtarins. Samþykkti fundurinn að kaupa áburð að plöntunum og hlynna að þeim eftir bestu getu og bæta seinna við plöntum, ef fjárhagsástæður leyfa.

4. Happdrættið. Tæplega 50 % seldist af miðunum. Væntanlega verður búið að ganga frá sölunni fyrir næstu áramót.

5. Ýms mál fleiri voru til umræðu á fundinum, en engar ákvarðanir teknar um þau, að svo stöddu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Margrét Jóhannesdóttir

(ritari.)

140. fundargjörð.

Ár 1962. 4. mars var aðalfundur kvenfélagsins „Freyju" haldinn í Víðihlíð. 19 konur voru mættar og ein kona gekk í félagið María Pétursd. Víðidalstungu. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum en nefndi til ritara Ingibjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Lesin fundargerð frá síðasta fundi.
2. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir.
3. Formaður skýrði frá því - hvað kvenfélagið væri búið að leggja í félagsheimilið, bæði vinnu og peninga - reyndist það vera kr. 58,454,10 en ógreitt kr. 16,008,96.
4. Kosningar: Skemmtinefnd, Kristín Ásmundsdóttir María Pétursd., Erla Guðmundsdóttir, Sigurbjörg Þórðard. og Jósefína Björnsdóttir. Fulltrúar á sambandsfund

Margrét Jóhannesdóttir og Herdís Sturludóttir, til vara Erla Guðmundsdóttir og Ingibjörg Ólafsd. Endurskoðendur, Erla Guðmundsd. og Guðrún Daníelsdóttir til vara Fríða Sigurbjörnsdóttir. Ritari var kosinn Ingibjörg Ólafsdóttir, til vara Erla Guðmundsdóttir. Margrét Jóhannesdóttir baðst undan endurkosningu sem ritari félagsins, en hún er búin að vera það nær óslitið frá því að félagið var stofnað. Í tilefni af því talaði formaður nokkur orð í kaffihléi, sem gert var eftir að kosningum lauk, þakkaði hann Margréti fyrir vel unnin störf í þágu kvenfél. og færði henni tvær bækur að gjöf frá kvenfélaginu. Eftir kaffihléið las ritstjórinn upp blaðið og var það fróðlegt og skemmtilegt að vanda.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir

(ritari.)

141 fundargjörð.

Ár 1962 12. apríl var fundur haldinn í kvenfél. „Freyja" í Víðihlíð. 12 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstj. Edinborgu Halldórsdóttir og ritara Ingibjörgu Ólafsd.

Dagskrá fundarins.

1. Lesin fundargerð frá síðasta fundi og hún samþykkt.
2. Réttardagurinn. Þessar konur eiga að baka Erla Guðmundsd. Kristín Gunnarsdóttir. Ingibjörg Ólafsd. Sigurbjörg Þórðardóttir. Jósefína Bjarnsdóttir Herdís Jóhannesdóttir. Vegna þess að Guðrún Danielsdóttir var ekki mætt á fundinum en hún hefir nú mörg undanfarin ár haft kaffisölu réttardagana ásamt Sigurbjörgu Þórðardóttir, var ekki tekin nein ákvörðun um hver fengin yrði til að sjá um kaffihitun. Rætt var um hvort ekki að vera smurt brauð með kökum og selja það heldur dýrara en hefir verið. Ákveðið var að hafa meiri fjölbreytni en hefir verið í veitingum réttardagana.

3. Formaður skýrði frá því að á nýafstöðnum byggingarnefndarfundi hefði verið rætt um að reynt yrði að byggja leikvöll í vor. Voru konur því meðmæltar og var það samþykkt.

4. Lesið blað félagsins „Græðlingur“.

5. Ýms mál: Kristín Gunnarsdóttir kvaddi sér hljóðs og talaði um félagið, nú yrði það 45 ára í sumar, hvort konur vildu ekki halda upp á afmælið með einhverju móti. Voru konur því meðmæltar og komu fram margar uppástung-ur. Samþykkt var að fara í eins dags skemmtiferð. Þessar konur voru kosnar í ferðanefnd. Kristín Gunnarsd. Margrét Jóhannesd. og Fríða Sigurbjörnsdóttir.

Rætt var um að fá danskennara ef nóg þátttaka fengist. Lesið upp bréf frá orlofsnefnd.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir. (ritari)

# 142. fundargjörð.

Ár 1962 11 nóv. var fundur haldinn í kvenfélaginu „Freyja“ í Víðihlíð. Þar sem formaður kvenfélagsins Herdís Sturlud. var fjarverandi, stjórnaði vara formaður Elínborg Halldórsdóttir fundi og nefndi til ritara Ingibjörgu Ólafsdóttir. 16 konur voru mættar.

Dagskrá fundarins.

1\. Réttardagurinn. Herdís Sturludóttir og Ingibjörg Ólafs. sáu um veitingar. Kaffi með kökum var selt á 20 kr. en molakaffi á 10 kr. einnig var hægt að fá kaffi með kökum og smurðu brauði með á 25 kr., en var lítið keypt. Inn kom 6020 kr.

2\. Kvenfélagið „Freyja“ 45 ára. Kristín Gunnarsdóttir rakti sögu félagsins í aðalatriðum - taldi það hafa komið mörgu góðu til leiðar og konurnar hefðu haft gagn og gaman að koma saman og ræða sameiginleg áhuga mál - Óskaði hún félaginu alls góðs í framtíðinni.

3. Kosin kona í byggingarnefnd - kosningu hlaut Ingibjörg Ólafsdóttir.

4. Vetrarstarfsemi kvenfélagsins. Ákveðið var að koma á basar næsta ár og hafa barnaski. eins og undanfarin ár, var skemmtinefndinni falið að annast það.
Rætt var um að halda innsveitisskemmtun í vetur, töldu konur það heppilegra að hafa hana eftir jólin.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.
Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

143. fundargjörð.

Ár 1963 10. febrúar var aðalfundur haldinn í kvenfélaginu „Freyja" í Víðihlíð. 13 konur voru mættar. Guðrún Daníelsdóttir sagði sig úr félaginu. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Ingibjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Lesnir upp reikningar félagsins og voru þeir samþykktir.
2. Lesin upp fundargerð frá síðasta sambandsfundi.
3. Lesið blað félagsins, var það fróðlegt og skemmtilegt meðal annars raktir helstu viðburðir á síðast liðnu ári.
4. Rætt var um tilhugun á kaffiveitingum réttardagana voru konur á einu máli um að láta það bíða til næsta fundar að taka ákvörðun um það mál.
5. Kosningar. Herdís Sturludóttir baðst undan endurkosningu sem formaður, í hennar stað

var kosin Elinborg Halldórsdóttir.
til vara Erla Guðmundsdóttir.
Fulltrúar á sambandsfund, kosnar voru
Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Sigurbjörnsd.
til vara Margrét Jóhannesdóttir og
Sigríður Konráðsdóttir.
Skemmtinefndin var endurkosin.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

144. fundargjörð.

Ár 1963 3. maí var fundur haldinn í
kvenfélaginu „Freyju“ í Víðihlíð 12 konur voru
mættar. Ein kona gekk í félagið Elinborg
Ólafsdóttir og önnur kona Ingibjörg Daníelsdóttir
sótti um inntöku í félagið en gat ekki sjálf
mætt á fundinum, var þeim vel fagnað.
Formaður setti fundinn og nefndi til

ritara Ingibjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Orlofsfé húsmæðra. Formaður skýrði frá því að konum stæði til boða að fara nætur að Löngumýri til vikudvalar. Þær konur sem staddar voru á fundinum lýstu því yfir að þær hefðu ekki áhuga eða ástæður til að taka þessu boði í þetta sinn.

2. Kaffiveitingar: þessar konur eiga að baka. Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Danielsdóttir, Margrét Jóhannesdóttir, Ólína Sigtryggsdóttir, Ingveldur Björnsdóttir. Kristín Ásmundsdóttir tók að sér að sjá um kaffisöluna í þetta sinn.

3. Basar. Ákveðið var að hafa basar í haust, óskaði formaður eftir því að konurnar kæmu með þá muni sem þær ætluðu að láta á næsta fund. Fríða Sigurbjörnsd. og Sigríður Konráðsdóttir tóku að sér söluna. Lesið blað félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir (ritari)

145. fundargjörð.

Ár 1963, 6. nóv. var fundur haldinn í kvenfélagi „Freyja“ í Víðihlíð 13 konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Sigríði Konráðsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Gjaldkeri gerði grein fyrir basar sem haldinn var á Hvammstanga 16 okt. 1963. Munirnir seldust ekki allir. Ákveðið var að hafa ekki basar á næsta ári.
2. Barnaskemmtun. Ákveðið var að hafa hana um jólin eins og að undanförnu.
3 Ýms mál. Rætt var um að konurnar kæmu saman nokkrum sinnum á vetrinum heima á bæjunum með handavinnu. Ákveðið var að hafa fyrsta handavinnufund í Kambshól.

Formaður afhenti konum bökunardropa sem hún útvegaði með heildsöluverði.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir á fundinum. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

146. fundargjörð.

Ár 1964, 23. febr. var fundur haldinn í kvenfél. „Freyja" að Víðihlíð 16 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Ingibjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir.
2. Formaður las upp fundargert frá síðasta sambandsf.
3. Kosningar: Sigríður Konráðsdóttir var endurkosin sem gjaldkeri, til vara Fríða Sigurbjörnsdóttir. Fulltrúar á sambandsfund: Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Sigurbjörnsd. til vara Elinborg Halldórsd. og Erla Guðmundsd. Skemmtinefnd: Ólína Sigtryggsd. Ingibjörg Daníelsd. Elinborg Ólafsdóttir. Ingveldur Björnsd. Guðrún Ingadóttir. til vara

Friðbjörg Ísaksdóttir. Endurskoðendur: Erla Guðmunds og Ingibjörg Ólafsdóttir.

4. Lesið blað félagsins „Gróðlingur" var það bæði fróðlegt og skemmtilegt. Talað var um að konur kæmu saman á handavinnufund, ákveðið var að hafa hann á Stóru-Ásgeirsá um miðjan mars, síðasti fundur var í Sporði 28 janúar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Ingibjörg Ólafsdóttir. (ritari.)

147. fundargjörð.

Ár 1944. 7 júní. var fundur haldinn í kvenfélaginu „Freyja". 11 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Fríðu Sigurbjörnsdóttir

Dagskrá fundarins.

1. Ótalað kvenna: Formaður sagði frá því að konum stæði til boða, að fara til vikudvalar að Löngumýri í Skagafirði. Voru umræður um málið og bjuggust konur ekki við því að geta notað sér það mikið.

2. Réttarkaffi: Formaður ræddi um kaffisölu á réttardaginn. Bað hún konur að koma með tillögu um það, hvernig hagt yrði að koma þessu fram hvert. Var ákveðið að reyna að fá Ingu í Dæli og Kristínu á Fitjum til að baka það að sér, ætlar Fríða í Sparði að hjálpa til við það líka. Þær konur sem baka eiga til réttanna eru. Guðrún Ingadóttir, Elínborg Hallbjörnsdóttir, María Pétursdóttir. Kristín Ásmundsdóttir og Friðbjörg Ísaksdóttir. Ákveðið var að hafa smurt brauð.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Ingibjörg Ólafsdóttir (ritari)

148. fundargjörð.

Ár. 1964. 26 október. var fundur haldinn kvenfél. „Freyja" í Víðihlíð. 13 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Sigríði Konráðsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Konurnar lögðu fram pantanir á bökunardropum

og spritti, sem formaður pantar fyrir félagskonur
2. Lesið var upp bréf frá félagasamtökunum „Vernd" sem óska eftir að kvenfél. „Freyja" gerist aðili að þeim félagasamtökum. Samþ: fundurinn það.
3. Ákveðið var að konurnar kæmu saman á handvinnu klúbb á komandi vetri eins og síðastliðinn vetur.
4. Rætt var um að gleðja gamla fólkið á elliheimilinu Ákveðið var að verja 500 kr. á mann til kaupa á gjöfum fyrir gamla fólkið. Var stjórninni og Fríðu í Sparði falin framkvæmd þessa máls.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

149. fundargerð.

Ár. 1965 sunnudaginn 21 mars var aðalfundur haldinn í kvenfélaginu „Freyja" í Víðihlíð. 10 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Fundarritari var Ingibjörg Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og skýrði þá, voru þeir síðan samþykktir.
2. Rætt var um að félagið tæki að sér veitingar á fundum og samkomum í Vitahlíð ef óskað yrði eftir því, væri það rætt þannig að tvær konur tækju það að sér í hvert skifti.
3. Lesin fundargerð frá síðasta sambandsfundi.
4. Kosningar: Fulltrúar á sambandsf. Elinborg Halldórsd. og Sigríður Konráðsdóttir til vara Guðrún Ingadóttir og Elinborg Ólafsdóttir. Ritari Ingibjörg Ólafsdóttir. til vara Ólína Sigtryggsdóttir.
5. Lesið blað félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

# 150. fundargerð.

Ár. 1965. sunnudaginn 21. mars var fundur settur í kvenfél. „Freyja“ í Víðihlíð. 10 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Ritari, Ingibjörg Ólafsd.

Dagskrá fundarins.

1. Lesnir reikningar félagsins, gjaldkeri las upp og skýrði þá, voru þeir samþykktir samhljóða.
2. Rætt var um að félagið taki að sér veitingar á fundum og samkomum í Víðihlíð ef óskað væri eftir því og það yrði haft þannig að hver kona tekju það að sér í hvert skifti.
3. Lesin fundargerð frá síðasta sambandsfundi.
4. Kosningar. Fulltrúar á sambandsfund. Elínborg Halldórsdóttir og Sigríður Konráðsdóttir, til vara Guðrún Ingadóttir og Elínborg Ólafsdóttir. Ritari Ingibjörg Ólafsdóttir til vara Ólína Sigtryggsdóttir
5. Lesið blað félagsins „Gróðlingur“.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

151. fundargerð.

Ár. 1965. 11. júlí var fundur settur í kvenf. „Freyja“ í Viðhlíð. 8 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Ingbjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

Þessi fundur var boðaður einungis til að kjósa konur til að baka til réttanna og fá konur til að annast veitingar. Eftirtaldar konur eiga að baka. Friðbjörg Ísaksdóttir. Fríða Sigurbjörnsdóttir. Sigríður Konráðsdóttir og Ingibjörg Ólafsd. Erla Guðmundsdóttir og Guðrún Ingadóttir tóku að sér að sjá um kaffisöluna.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir

(ritari.)

152. fundargerð.

Ár. 1966. fimmtudaginn 14. janúar var fundur settur í kvenfél. „Freyja“ að Efri Fitjum. 13 konur voru mættar.

Dagskrá fundarins.

1. Rætt var um hvað gera skyldi til að gleðja fólk, sem dvelst á elliheimilinu á Hvammstanga. Ákveðið var að gefa því 100 krónu virði, ávexti - konfektkassa eða eitthvað sem hentugt þætti.

2. Formaður las upp bréf frá Kristjáni Friðbergssyni þar sem þess er farið á leit að félagið styrkji hann til þess að koma upp barnaheimili að Kumbaravogi við Eyrarbakka. Var málið rætt en frestað til næsta fundar að taka ákvörðun um það.

3. Rætt var um blað félagsins, voru konur á einu máli um að ekki mætti með neinu móti leggja það niður en ritstjórinn kvartaði undan því að fáar konur hefðu lagt til efni og sagði það illa farið, skoraði

á konurnar að vera nú duglegar að skrifa, því
annars gæti svo farið að blaðið hætti að koma út.
Var rætt um þetta fram og aftur. Vonandi verður
líf í kössum við skriftirnar og kannske semur einhver
sögukorn. hver veit. Svo las ritstjórinn upp úr „Gnæðlingi"
4. Ákveðið var að panta kökudropa.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

153. fundargerð.

Ár. 1966 sunnudaginn 27. mars var aðalfundur settur
í kvenfélaginu „Freyja" í Víðihlíð. 16 konur voru
mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara
Ingibjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Gjaldkeri las upp reikningana, voru þeir samþykktir.

2. Lesin upp fundargerð frá síðasta sambandsfundi.
3. Formaður talaði um hvort konum fyndist ekki athugandi að kaupa bekki eða stóla í kirkjuna fyrir fermingarbörnin að sitja á og gefa kirkjunni í tilefni 50 ára kvenfélagsins á næsta ári.
Fannst konum þetta ágæt hugmynd og var þetta samþykkt. einnig að fela formanninum að annast framkvæmdir.
4. Kosningar: Kosin form. Elinborg Halldórsdóttir og varaformaður Erla Guðmundsdóttir. Fulltrúar á sambandsfund, Elinborg Halldórsd. og Fríða Sigurbjörns til vara Ingibjörg Ólafsdóttir og Sigríður Konráðsdóttir.
Skemmtinefnd. Guðrún Ingadóttir, Erla Guðmundsdóttir Ingibjörg Daníelsdóttir, Kristín Ásmundsdóttir og Jósefína Björnsdóttir, til vara Elinborg Ólafsdóttir.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.
Ingibjörg Ólafsdóttir (ritari.)

154. fundargerð.

Ár. 1966. 8 júní var fundur settur í kvenfélaginu „Freyja" í Víðihlíð. 12 konur voru mættar. Formaður setti fundinn, ritari var Ingibjörg Dafsdóttir.
Formaður bauð konur velkomnar og minntist síðan tveggja elstu íbúa Þorkelshólshrepps sem voru nýlega dánir, þeirra Jóhönnu Bjarnadóttir Víðdalstungu og Guðmundar Jóhannessonar Auðunarstöðum.
Bað hún konur rísa úr sætum í virðingarskini við hina látnu sveitunga.

Dagskrá fundarins.

1. Á nýafstöðnum fundi K.B. var rætt um að kvennabandið safnaði peningum til kaupa á sjúkrabíl fyrir sýsluna átti að leita álits kvenfélaganna hvað þau segðu um þetta mál. Málið var rætt og voru konur á einu máli um að þetta væri nauðsynjamál. Eftirfarandi tillaga kom fram og var samþykkt samhljóða.

„Fundur haldinn í kvenfélaginu „Freyju" 1966 lýsir sig samþ. framkomnu erindi K. B. um kaup á sjúkrabíl fyrir sýsluna. Þó telur fundurinn að K. B. sé ofviða að hrinda þessu máli í framkvæmd án aðstoðar annara aðila og bendir í því sambandi á sýslusjóð sem hugsanlegan þátttakanda, annað hvort með beinu fjárframlagi eða láni til kaupanna. Einnig gæti komið til mála að K. B. gæfi helming verðsins en það sem á vantaði væri aflað með frjálsum samskotum. Kvenfélögin sjálf hafa mjög lítið fjárhagslegt bolmagn, er því ekki hægt að leggja miklar kvaðir á þau um bein fjárframlög."

2. Réttardagurinn. Eftirtaldar konur eiga að baka í þetta sinn. Kristín Gunnarsdóttir. Erla Guðmundsd. Jósefína Björnsdóttir og Elinbarg Ólafsdóttir. Elinbarg Halldórsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir tóku að ~~sér~~ ~~ka~~ kaffisöluna. Fundi slitið. Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari.)

155. fundargerð.

Ár 1967 15. janúar var fundur settur í kvenfélaginu „Freyju“ að Galtanesi. 13 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Ingibjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Formaður las upp bréf frá „Lionsklúbb“ Blönduóss. Þar sem óskað er eftir stuðning kvenfélagsins „Freyju“ til fjársöfnunar í sjóð sem varið yrði til hjálpar sjúkling sem senda þarf út til hjartaaðgerðar. Ákveðið var að félagið gæfi kr. 10 þúsund í söfnunarsjóðinn. Einnig að konur borguðu 100 kr. í árstillag þetta ár.
2. Heimsókn á elliheimilið á Hvammstanga. Ákveðið var að fara í febrúar og yrði lík tilhögun og hefir verið.
3. Samþykkt var að halda upp á afmæli kvenfélagsins, en það verður 50 ára á þessu ári, en ekki tekin nein ákvörðun með hvaða hætti það yrði gert.

Formaður sagði fundi slitið. Ingibjörg Ólafsdóttir (ritari.)

156. fundargerð.

Ár 1967 mánudaginn 8. maí var fundur settur í kvenf. „Freyju“ í Víðihlíð. 10 konur voru mættar. Formaður setti fundinn. Ritari var Ingibjörg Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Gjaldkeri félagsins las upp reikningana, voru þeir samþ.
2. Kosningar: Sigríður Konráðsdóttir var kosin aðalgjaldkeri en Elinborg Ólafsdóttir varagjaldkeri.
Fulltrúar á sambandsfund K.B.H. Elinborg Halldórsdóttir og Elinborg Ólafsdóttir til vara Erla Guðmundsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir. Eftirtaldar konur voru kosnar í skemmtinefnd. Kristín Ásmundsdóttir. Erla Guðmundsd. Elinborg Ólafsdóttir. Guðrún Ingadóttir og Ingibjörg Danielsd. Skemmtinefndin kosin til 3. ára.
3. Afmæli félagsins: Formaður beindi þeirri fyrirspurn til konanna, hvort þær hefðu ekki eitthvað hugsað sér hvernig þær vildu halda upp á afmælið. Nokkrar

uppástungur komu fram, helst var hallast að því að hafa það með þeim hætti að kvenfélagskonurnar bjóðu mönnum sínum og stofnendum félagsins, en þær eru nokkrar á lífi, til veislu halda í Vítihlíð. og ákjósanlegast væri ef hægt yrði að fá mat eða kaffi frá Hótelinu á Blönduósi. Var ákveðið að leita sér upplýsinga um hvort það væri hægt.

4. Lesið blað félagsins og var það skemmtilegt og fróðlegt. Ritstjórinn, Elinborg Halldórsdóttir skrifar í það að mestu leiti ein og á hún þakklæti skilið fyrir þann dugnað.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari.)

157. fundargjörð.

Fundur var haldinn í kvenfél. „Freyju“ í Víðihlíð 18 ágúst 1967. 12 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þessi fundur var boðaður til þess að taka endanlega ákvörðun um hvernig ætti að halda uppá afmæli félagsins. Eftir nokkrar umræður, þar sem meðal annars kom í ljós að ekki var hægt að fá mat eða kaffiveitingar frá hótelinu á Blönduósi til veisluhalda í Víðihlíð, var ákveðið að fara í eins dags ferðalag um Borgarfjörð og bjóða bændunum með. Kvenfél. borgaði bílferðina og hádegismat í Hreðavatnsskála, en kaffi og meðlæti ætluðu konur að hafa með sér. Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir

(ritari)

158 fundargjörð.

Sunnudaginn 26/11 1967 var fundur haldinn í kvenfél. „Freyju" að Miðhópi. 11 konur voru mættar. Ein kona gekk í félagið, Elísabet Vigfúsdóttir. Var hún boðin velkomin af félagskonum. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Ingibjörgu Ólafsdóttir. Dagskrá fundarins.

1. Formaður sagði frá mörgu sem hún hafði séð og heyrt á fundi kvenfél. sambands Íslands á síðastliðnu sumri, en þar mætti hún sem fulltrúi frá K.B. Þótti konum það bæði fróðlegt og skemmtilegt.

2. Ákveðið var að hafa barnaskemmtun um jólin eins og hefir verið og skemmtinefndinni falið að undirbúa hana.

3. Kristín Gunnarsd. leitaði álits fundarkvenna um hvort þeim fyndist ekki vel viðeigandi að senda ... dóttir jólakveðju frá

kvenfélaginu f. d. bók, en ....... dvelur í Heilsuhælinu í Hveragerði sér til hressingar.
Var það samþykkt.
Kvenfélaginu barst kær kveðja og þakklæti frá Jósefínu Bjarnsdóttur vegna veittrar aðstoðar við jarðarför manns hennar Hannesar Þórðarsonar, en félagið gaf veitingar við útförina.
Fleira lá ekki fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

159. fundargjörð.

Aðalfundur kvenfél. „Freyju" var haldinn í Víðihlíð 11 maí 1968. 12 konur voru mættar, ein kona gekk í félagið Sigríður Tryggvadóttir Efri Fitjum, var henni vel fagnað. Formaður setti fundinn.

Dagskrá fundarins.

1. Lesin fundargjörð frá síðasta fundi H.B. þar kom fram

fyrirspurn frá formanni K.B. Hvort kvenfél. væru samþ. því að koma á skemmtidegi fyrir aldrað fólk í sýslunni. Bjóða því í eitthvert félagsheimilið, þar yrðu kaffiveitingar og eitthvað til skemmtunar. Allar fundarkonur voru þessu hlynntar. Svohljóðandi tillaga kom fram.

„Aðalfundur kvenfél. „Freyju" haldinn í Víðihlíð 11 maí 1968 lýsir sig fylgjandi framkominni tillögu frá aðalfundi K.B. 1967. um að koma á skemmtidegi fyrir aldrað fólk í héraðinu á þessu sumri. Telur fundurinn athugandi, hvort ekki væri hægt að fara með aldraða fólkið í smá ferð innanhéraðs og hafa síðan sameiginlega kaffidrykkju þar sem fólkið gæti þá rabbað saman stundarkorn." Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Gjaldkeri las upp reikningana, voru þeir samþykktir

3. Kosningar. Ritari endurkosin Ingibjörg Ólafsdóttir.

Vararitari Guðrún Ingadóttir.

Fulltrúar á sambandsfund. Elinborg Halldórsdóttir og

Elinborg Ólafsdóttir. Endurskoðendur endurkosnir.
Byggðarnefnd Víðihlíðar. Kosin var Elinborg Ólafsdóttir
4. Blað félagsins. Ritstjóri, Elinborg Halldórsdóttir talaði um hvort fundarkonum fyndist ekki athugandi að láta fjölrita eitt til tvö eintök af blaðinu til að eiga og ennfremur til þess að láta konurnar hafa, ef þær vildu lesa það, því væru ekki allar félagskonur mættar á þeim fundum, sem blaðið er lesið.
Voru allar fundarkonur þessu samþykkar.
Ritstjóri las síðan upp blaðið og var þar margt ágætt að vanda. Einnig var ákveðið að félagið keypti skjalamöppu. Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir (ritari)

160. fundargjörð.

Sunnudaginn 4 maí 1969 var aðalfundur kvenfélagsins „Freyju" haldinn á Efri Fitjum. 10 konur voru mættar
Ein kona gekk í félagið Árný Jóhannesdóttir Enniskoti. var henni vel fagnað. Formaður setti

fundinn og nefndi til ritara Ingibjörgu Ólafsdóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Kvennabandsfundurinn, rætt var um hvenær helst yrði hentugast að hafa hann, en kvenfél. „Freyja" sér um hann í þetta skipti.
2. Þá kom fram fyrirspurn frá K.B. þess efnis hvort kvenfélögin vildu halda áfram að bjóða ölduðum fólki í sýslunni í skemmtiferð og til kaffidrykkju eins og gert var á s.l. sumri. Kvenfél. „Freyja" samþykkti fyrir sitt leiti að halda þessum boðum áfram en aðeins annað hvert ár.
3. Frétt í Spardí spurðist fyrir um það hvort kvenfél. vildi gefa Byggðasafninu aðra spunavélina - þá minni - ef forráðamenn safnsins hefðu tök á að geyma hana var það samþykkt.
4. Ákveðið var að afhenda Víðidalstungukirkju fermingarkirtlana, 6 að tölu, til eignar og umráða.

5. Formaður ræddi um það hvort ekki væri rétt að lagfæra kaffiskúr kvenfél. við Víðidalstungurétt. Voru fundarkonur því samþykkar.
6. Gjaldkeri las upp reikningana, voru þeir samþ.
7. Kosningar: Fulltrúar á fund K.B. Elinborg Ólafsd. og Elinborg Halldórsdóttir. til vara Sigríður Kristófersd. Ritnefnd: Guðrún Ingadóttir og Elinborg Ólafsdóttir. Skemmtinefnd, til þriggja ára. Árný Jóhannesdóttir María Pétursdóttir og Sigríður Tryggvadóttir. Formaður: Elinborg Halldórsdóttir baðst undan endurkosningu. Voru henni færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Guðrún Ingadóttir var kosin formaður en Erla Guðmundsdóttir varaformaður.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Ingibjörg Ólafsdóttir (ritari)

161. fundargjörð.

Mánudaginn 1 des. 1969 var haldinn kvenfélagsfundur í Víðidalstungu II Mættar voru 12 konur.

Formaður setti fundinn - ritari var Ingibjörg Ólafsd.

Dagskrá fundarins.

1. Formaður skýrði frá því að kvenfélagið hefði tekið þátt í almennri fjársöfnun, sem fram fór um allt land til kaupa á Kóbalt tækja til afnota fyrir landsspítalann. Söfnuðust kr. 5,400 auk þess samþ. kvenfél. að bæta við úr sínum sjóði kr. 4.600 svo alls yrði kr. 10.000 til afhendingar.

2. Þá ákvað fundurinn að kvenfélagið gæfi K.B. kr 5.000 til minningar um Kristínu Gunnarsdóttur Auðunarstöðum. Peningum þessum verði varið til kaupa á einhverjum hlut sem prýða mætti setustofu Sjúkrahússins á Hv. Tanga

3. Rætt var um barnaskemmtun, en kvenfélagið hefur í fjöldamörg undanfarin ár haldið barnaskemmtun um jólin

þar sem öllum börnum sveitarinnar er boðið til.
jafnt hvort mæður þeirra eru í kvenfél. eða ekki
Samþ. að halda því áfram og skemmtinefndinni
falinn undirbúningur.

Fleira lá ekki fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

162 fundargjörð.

Aðalfundur kvenfél. „Freyju" var haldinn í Víðihlíð
4 maí 1970. Mættar voru 15 konur. Ein kona gekk
í fél Ragnhildur Hinriksdóttir, var hún boðin velkomin.

Dagskrá fundarins.

1. Formaður las upp fundargjörð frá síðasta fundi K.B.
2. Lesnir upp reikningar félagsins, voru þeir samþ.
3. Kosningar: Gjaldkeri. Sigríður Konráðsdóttir til vara
Ella Guðmundsdóttir. Skemmtinefnd til tveggja ára
Ragnhildur Hinriksdóttir og Elísabet Sigfúsdóttir

til vara Elinborg Ólafsdóttir. Fulltrúar á K.B. fund Elinborg Ólafsdóttir og Elinborg Halldórsdóttir. vara-fulltrúar. Elísabet Vigfúsdóttir og Guðrún Ingadóttir. Endurskoðendur: Erla Guðmundsdóttir og Elinborg Halldórsdóttir.

4. Ákveðið var að gera Margréti Jóhannesdóttir Ásgeirsa að heiðursfélaga kvenfélagsins.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir. Fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir.
(ritari)

163 fundargjörð.

Sunnudaginn 1 nóvember 1970. var fundur haldinn í kvenfélaginu „Freyju“ í Víðihlíð. 12 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Elinborg Halldórsdóttir sagði frá því að K.B. hefði ákveðið útvega kennslukonu sem hefði á hendi tilsögn í prjóni á lopapeysum - En ullarverksmiðja

á Álafossi hefur að undanförnu gengist fyrir því að láta handprjóna lopapeysur sem útflutningsvörur. Álafoss hefur látið konur hafa lopann með verksmiðjuverði og borgað ákveðið gjald fyrir vinnu við að prjóna hverja peysu. Áhugi var hjá fundarkonum að taka þessu tilboði.

Þar sem ekki var fleira á dagskrá sagði formaður fundi slitið.

Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

164. fundargjörð.

Árið 1971 laugard. 15 maí var aðalfundur kvenfél. „Freyju“ haldinn í Víðihlíð. 11 konur voru mættar. Ein kona sagði sig úr félaginu, Kristín Árnadóttir. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Bauð hún konur velkomnar og bað Ingibjörgu Ólafsdóttur að skrifa fundargjörð. Dagskrá fundarins.

1. Reikningar félagsins lesnir upp, voru þeir samþ.
2. Lesin fundargjörð frá síðasta fundi K.B.
Einnig var lesið bréf frá skipulagsnefnd kirkjugarða þar sem þess er farið á leit við kvenfél. að það vinni að fegrun kirkjugarðsins í Víðidalstungu. Samþykkt var vísa málinu til sóknarnefndar, einnig að félagskonur legðu málinu lið eftir sinni getu
3. Kosningar: Ritari, Ingibjörg Ólafsdóttir baðst undan endurkosningu - Kosin var Elinborg Ólafsdóttir.
Formaður þakkaði fyrverandi ritara unnin störf og bauð nýja ritarann velkominn.
Fulltrúar á Kvennabandsfund - kosningu hlutu Elinborg Ólafsdóttir og Guðrún Ingadóttir til vara Elisabet Vigfúsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir.
Skemmtinefnd. Elisabet Vigfúsdóttir, Sigríður Tryggvad. og Jósifina Björnsdóttir - kosnar til þreggja ára.
Endurskoðendur. Erla Guðmundsdóttir og Elinborg Halldórsdóttir.

4. Tillaga kom frá formanni um að hækka verð á seldu kaffi hjá félaginu úr kr. 75 í kr. 100 - var það samþykkt samhljóða. Einnig var ákveðið að koma saman einhvern dag í júní og lagfæra girðingu og hreinsa til í garði félagsins „Freyjulundi“.
Fleira var ekki til umræðu. fundi slitið
Ingibjörg Ólafsdóttir
(ritari)

165. fundargjörð.

Árið 1971 mánudaginn 1 október var haldinn fundur í kvenfélaginu „Freyju“ í Víðihlíð. 10 konur voru mættar. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Bauð hún konur velkomnar og bað Elínborgu Ólafsd að skrifa fundargjörð. Dagskrá fundarins.

1. Fulltrúar er fóru á síðasta aðalfund K.B. sögðu frá því helsta sem þar gerðist.
2. Bréf hafði borist frá bréfaskóla S.Í.S. og A.S.Í. og

kynningarbæklingur, var mælst til þess að bréfaskólinn yrði kyndur í félaginu.

3. Lesið bréf er hafði borist frá Kvennfélaga samb. Ísl. þar sem bent er á ýmsar ályktanir er samþykktar voru á síðasta fundi þess.

4. Elinborg Halldórsdóttir las upp bréf frá skólastjóra Húsmæðraskólans á Blönduósi; þar sem bent er á að breita eigi starfsemi skólans og hafa námskeið þar sem kennt verður námsefni skólans ef nóg þátttaka fæst, er hér boði um að ræða kvöld og dag námskeið. Var þessu bréfi syndur mikill áhugi, og urðu talsverðar umræður um málið.

5. Formaður vakti athygli á því að „Freyja" ætti að heimsækja dvalarheimilið aldraða í október, var henni falið að sjá um heimsóknina.

6. Fram kom sú tillaga að Freyja pantaði krydd dropa o.f.l. fyrir félagskonur, var tillagan samþykkt og gerð pöntun á talsverðu magni af vötrum.

7. Ritstjóri „Gróðlings" Elinborg Halldórsd las upp úr blaði,

8. Þá var rætt um vetrarstarfið og bar þar margt á góma. Ákveðið var að koma saman með handavinnu í þessum mánuði; einnig var samþ. að skemtinefndin hefði samráð við skemtinefnd U.M.F.U. um spilakvöld og ef til vill fleira sem orðið gæti til skemtunnar.

Þar sem fleira var ekki til umræðu var fundi slitið

Elínborg Ólafsdóttir
(ritari)

16 fundargjörð.

Árið 1972. 7 maí, var aðalfundur haldinn í Kvennfélaginu „Freyju“ í Víðihlíð. 11. konur voru mættar.
Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar sérstaklega Halldóru Tryggvadóttur er gekk í félagið, tóku konur undir með lófataki. Fundarritari var tilnefndur Elínborg Ólafsd.

Dagskrá.

1. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og skírði þá. Voru þeir síðan samþykktir athugasemda laust.

2. Lesið upp bréf frá Kvenf. samb. Íslands með tilmælum um að konur kynntu sér lög um örorku og fjölskyldubætur er fylgdu með.
3. Borist hafði einnig annað bréf frá sambandinu um boð frá Danmörku um þátttöku í námskeiði er halda á þar 15-18. ágúst. Enginn áhugi reyndist vera fyrir boðinu.
4. Elinborg Halldórsdóttir mæltist til þess að fundurinn sendi tillögur til K.B. um hvernig K.B. ætti að verja ágóða af næstu skemmtun. Miklar umræður urðu um málið og var samin og send tillaga um hvort ekki væri tilvalið að fegra í kring um merki það er reisa á til minningar um Ásdísi á Bjargi í Bjargslandi í Miðfirði.
5. Lesin aðalfundargjörð K.B. 1971.
6. Tillaga kom frá Elinborgu Ólafsd er hljóðar þannig. Aðalfundur „Freyju" haldin í Víðihlíð 7 maí 1972 skorar á stjórn K.B. að hún beiti sér fyrir samræmingu á verði á seldum veitingum á sambandssvæðinu. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

6. Kosningar. Formaður Guðrún Ingadóttir, varaform. Elínborg Halldórsdóttir. Fulltrúar á sambandsfund Elínborg Ólafsdóttir Guðrún Ingadóttir. Skemmtinefnd. María Pétursdóttir Halldóra Tryggvadóttir Elínborg Ólafsdóttir. Sigríður Tryggvadóttir Elísabet Vigfúsdóttir

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Elínborg Ólafsd.
(ritari)

167. fundargjörð.

Árið 1972 15 júní var fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju í Víðidal. 9. konur voru mættar. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari Elínborg Ólafsd. Dagskrá.

1. mál lá fyrir, en það var hvernig gera ætti við kaffiskúr félagsins við Víðidalsrétt en hann er orðinn fúinn á pörtum. Um þetta mál urðu miklar umræður. Ákveðið var að láta gera við fúann, skipta um glugga og bæta 2 við að austan, klæða loft, og setja í hann

gólf, setja borð í eldhús og lakka og mála borð og gólf. Var stjórn félagsins falið að sjá um verkið og yrði því að vera lokið fyrir 1 sept. í ár.

Þar sem ekki var fleira á dagskrá var fundi slitið

Elinborg Ólafsd.
(ritari)

168. fundargerð.

Árið 1973. 10 maí var aðalfundur kvenfélagsins „Freyju" haldinn í Víðihlíð, 10 konur voru mættar, formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Bauð hún konur velkomnar. 1. kona gekk í félagið Erla Pétursdóttir og var henni vel fagnað. Fundarritari var kosinn Elinborg Ólafsd.

Dagskrá.

1. Lesið bréf sem borist hafði frá kvenfélaginu „Heimaey" um hvort félagið gæti annast sölu á póstkortum til ágóða fyrir hjálparstarf í Vestmannaeyjum, ekki var áhugi fyrir málinu þar sem félagið var búið að gefa 50 þúsund til hjálparstarfsins

2. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar K.B.

3. Rætt um veitingaskúrinn, hvort setja skuli járn utaná hann eða mála, var ákveðið að leita nánari upplýsinga.

4. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins, þeir síðan samþykktir umræðu og mótatkvæða laust.

5. Rætt um ~~skemmti~~ skemmtiferð aldraðra, urðu um það miklar umræður, og var eftirfarandi tillaga samin og send K.B.
Aðalfundur "Freyju" haldinn í Víðihlíð 10/5 1972. beinir því til K.B. hvort ekki væri eins gott að bjóða aldraða fólkinu til kaffidrykkju eingöngu, annað hvort ár, þar sem félagskonum þeim er við þetta hafa unnið finnst að það muni í mörgum tilfellum aðalatriðið fyrir þetta fólk að hittast og rabba saman. Finnst félagskonum jafnvel komið gæti til greina að fleiri tækju þátt í þessu ef ferð væri ekki löng.

6. ~~K.B.~~ Stjórn K.B. hafði óskað eftir því að félögin sendu tillögur um hvað gera skyldi við ágóða K.B. af næstu skemmtun. Miklar og fjörugar umræður urðu ~~og~~ bar margt á góma, en að lokum var eftirfarandi tillaga samin og send K.B. Aðalfundur "Freyju" haldinn í Víðihlíð 10 maí 1973

beinir þeim tilmælum til K. B. hvort ekki væri athugandi að verja ágóða af skemmtun K. B. til kaupa á snjóbíl. Félagskonum er að vísu ljóst að ágóðinn nær skammt til þeirra kaupa, en telur að leita mætti samstarfs við aðra til dæmis Lionsklubb sem nýstofnaður er í sýslunni.

7. Kosningar: Gjaldkeri Ingibjörg Ólafsdóttir til vara Ingibjörg Danielsd. Endurskoðendur. Sigríður Konráðsdóttir og Ingibjörg Danielsdóttir Skemmtinefnd. Erla Pétursd. Elísabet Vigfúsd. til vara Ingibjörg Danielsdóttir. Fulltrúar á sambandsfund. Erla Guðmundsd. og Guðrún Ingad. til vara Elinborg Ólafsd.

Þarsem ekki var fleira á
dagskrá var fundi slitið
Elinborg Ólafsd.
(ritari).

169. fundargerð.

4 júní 1973 var fundur haldinn í kvenfélaginu "Freyju" í Víðihlíð. 11. konur voru mættar. Formaður setti fundinn og nefndi til ritara Elinborgu Ólafsdóttur

Dagskrá

1. Formaður sagði frá aðalfundi K.B. er nýlega var haldinn
2. Kosin ritstjóri að „Grettlingi" kosningu hlaut Guðrún Ingad. kosið í ritnefnd Sigríður Konráðsd. en fyrir í nefndinni var Elínborg Ólafsd. Guðrún þakkaði fráfarandi ritstjóra Elínborgu Halldórsd. fyrir mikinn dugnað við að afla efnis í blaðið.
3. Lesið upp það sem borist hafði í blaðið.
4. Hugað að „Freyjulundi" og borinn áburður að trjánum.

Það sem ekki var fleira á dagskrá var fundi slitið

Elínborg Ólafsd.
(ritari).

170. fundargerð.

Sunnudaginn 2 desember 1973. var fundur haldinn í „Freyju" í Miðhópi, mættar voru 12 konur. Formaður stjórnaði fundi og bauð konur velkomnar. Fundarskrifari kosin Elínborg Ólafsd.

Dagskrá.

1. Lesið upp bréf frá Lionsklúbbnum „Bjarma" á Hvammstanga er

um snjóbifreiðarkaup, en klúbburinn er að safna fyrir Miklar umræður urðu um málið, var ákveðið að „Freyja" gæfi 50.000. kr.

2. Borist hafði bréf frá K.Í. þar sem boðið er upp á námskeið í leðurvinnu, dúkþrykki og fleiru. Var gerður góður rómur að þessu, og samþykkt að taka þátt í því ef af yrði.

Fleira var ekki á dagskrá
fundi slitið
Elinborg Ólafsd
(ritari).

171. fundargerð.

Laugardaginn 18. maí 1974. Var aðalfundur „Freyju" haldinn í Víðihlíð, mættar voru 12 konur. Formaður bauð konur velkomnar og sagði fundinn settan. Fundarskrifari kosin Elinb. Ólafs. 1 kona gekk í félagið Þórdís Lárusd. og var hún boðin velkomin.

Dagskrá:

1. Lesin fundargerð síðasta aðalfundar K.B.
2. Rætt um þátttöku í Veitingasölu á Þjóðhátíð, var samþykkt

að vinna eins og önnur félög.

3. Lesnir upp reikningar „Freyju"; hrein eign félagsins er 268.390,00 kr. Reikningarnir síðan bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

4. Elinborg Halldorsd. bar fram þá ósk að mega eiga og ráðstafa þeim eintökum af „Gróðlingi" er búið er að fjölrita og hún hefur handskrifað. Var það samþykkt.

5. Samþykkt var að reina að mála kaffiskúr félagsins í sumar, einnig að reita gras í „Freyjulundi" ef þurfti.

6. Kosningar: Ritari Elisabet Sigfúsdóttir, Sigríður Konráðsd til vara. Fulltrúar á sambandsfund Elinborg Ólafsd. Sigríður Konráðsd, til var Guðrún Ingad. Veitinganefnd fyrir þjóðhátíð, Elinborg Ólafsd. til vara Erla Pétursdóttir. Skemmtinefnd: Halldóra Tryggvad Ingibjörg Danielsd, Elinborg Ólafsd. til vara Sigríður Tryggvad og Kristín Ásmundsd.

7. 2 konur gerðar að heiðursfélögum Anna Teitsdóttir og Fríða Sigurbjörnsdóttir

8. Lesið bréf frá K Í þar sem sagt er frá myndum

sem hægt er að fá lánaðar endurgjalds laust fyrir kvenfélög. Einnig hafði borist bréf frá áfengisvarnaráði, þar sem óskað er eftir því að kvenfélög beiti sér fyrir bindindi, ekki síst þar sem þetta er þjóðhátíðarár

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið

Elínborg Ólafsd.

(ritari).

172 fundargerð.

Júlí 1974 var fundur haldinn í kvennfélaginu Freyju í Víðihlíð 9 konur voru mættar.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum, fundarritari Elínborg Ólafsdóttir.

1. kosnar 2 konur til að annast undirbúning þjóðhátíðarinnar kosningu hlutu Erla Pétursd Elínborg Ólafsd.

• þær sem ætla að vinna Elínborg Ólafsd Elísabet Vigfúsd María Pétursdóttir fyrir hana vann Friðbjörg Magnúsd Kristín Ragna Sigurbjarnsd. þær sem tóku að sér ~~kökur~~ bökun Elínborg Ólafsd Erla Guðmundsd Kristín Ásmundsd

Ingibjörg Ólafsd. Halldóra Tryggvad. Sigríður Konráðs.
þar sem ekki var fleira á
dagskrá var fundi slitið
Elinborg Ólafsd.

173

Aðalfundur kvennfélagsins Freyju var haldin í Víðihlíð 20 april 1975. 10 konur voru mættar. 5 gengu í félagið.
Þórdís Lárusdóttir Þórukoti Elín Lindal Lækjamóti,
Birna Tryggvadóttir Krappstöðum Sigurlaug Ingvarsd. Bakka
Jónína Sigurðardóttir Kolugili
Formaður las upp fundargerð síðasta sambandsfundar sem haldin var á ~~Reykjavík~~ Reykjum í Hrútafirði 22 júní 1975 Gjaldkeri Ingibjörg Ólafsdóttir las upp reikninga félagsins. og voru þeir samþikktir samhljóða.
Formaður bað konur að koma með ~~hvað~~ tillögur um hvað kvennabandið ætti að gera með það fé sem til ráðstöfunar yrði á næsta ári Engin tillaga kom fram.

Ákveðið var að kvenfélagið biði konum á eitt skemmtikvöld ásamt mönnum sínum. Talað var um að fara á húsbóndavöku Húnavökunnar.
kosnar voru 2 konur á ~~sambandsfund~~. landsambandsf. kosningu hlutu. Erla Guðmundsdóttir og Sigríður Konráðsd.
Til vara Guðrún Ingadóttir Sigríður Tryggvadóttir.
kosnar voru 2 konur í skemmtinefnd. kosningu hlutu Elín Líndal Lækjamóti Jónína Sigurðardóttir Kolugili.
Til vara. Erla Pétursdóttir Litlu-Hlíð.
Formaður félagsins Guðrún Ingadóttir baðst undan endurkosning. kosningu hlaut Elínborg Ólafsdóttir Miðhópi varaformaður Erla Guðmundsdóttir Auðunnarstöðum. kosnar voru 3 konur í garðnefnd. kosningu hlutu Erla Guðmundsdóttir Auðunnarst. Ingibjörg Danielsdóttir Þórukoti Birna Tryggvadóttir Hrappst. Elínborg Ólafsd. bar fram tillögu þess efnis að kvenfélagið gæfi rafmagnsofna í Víðidalstungu kirkju og kosti raflögnina til helminga á móti sóknarnefndinni. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið. Sigríður Konráðsd. fundaritari.

174. fundargerð.

Aðalfundur kvennf. Tregðu. í Sútiblið 1976.
18 konur mættar. Form félagsins Elinborg Ólafsd.
setti fundinn. Og bað konur velkomnar sérstlega
nýja félaga sem voru Vilborg Jónsd. Hrísum.
Sigrún Ólafsd. Sólbakka Sesselja Stefánsdóttir Kumsk.
1. mál Elinborg Ólafsd. las fundargerð síðasta
aðalfundar. k. B. það sem helst var gert hjá k. B.
st. ár keypt sýningatjald og gefið Elliheimilinu.
Lampi var gefinn í borðstofu sjúkrahússins
til minningar um Jósefínu Helgadóttir
sem lengi var form k. B. 100.000 kr voru gefnar
í snjóbílinn sem Lionsklúbburinn Bjarmi og sauðakrossd
U-Hún hafa safnað fyrir kvennfélögin gáfu samt
145 þúsund kr. Gjaldkerinn las upp reikninga
félagsins og voru þeir samþ samhljóða.
Form las upp það sem helst hafði verið gert
á árinu. ~~Hald~~ Haldin var einn fundur

og 4 saumaklúbbar 2. Bingo 3 dansleikir
þar af einn í félagi við U.U.F. Víðir.
Séð um kaffi við eina jarðaför. Námskeið var
haldið í mars í hannirðum. s.s hnýtingum
prjóni og hekli 5 konur úr Freyju og úr Ársól.
Séð var um kaffi í réttum. Farið var með gamla
fólkið í skemtiferð að Tjörn og verið þar við messu.
Og síðan í kaffi hjá kvf. Ársól í Þverárhrepp
í skólahúsi hreppsins. Barnaskemtun var haldin
og komu um 70 börn. Garðyrkjuráðanautur kom
til þeirra sem óskuðu. Pantað krydd og dropar
fyrir félagsk. Form las upp 3 bréf. ~~frá K.Í.~~ var
eitt frá K.Í. dags 15. okt 1975. Sambandsþ. hafði
á síðasta landsfundi samþ. að öll félög innan
samb. skulu stuðlað að bættum hag tímaritsins
Húsfreyjunnar með því að kaupa framv 1 eintak
af blaðinu. Annað bréfið var frá kvennasögusafni
Íslands. Megin tilgangur félagsins er að stuðla

að því að rannsökuð verði sem gaumgæfilegast
saga kvenna hér á landi. Og heitir nú á
kvenfélögin til stuðnings við þetta verkefni.
Þriðja bréfið var einnig frá K.Í. dags 16-2 1976
Var þar skýrt frá ráðstefnu, sem K.Í heldur í Rvík.
í ágúst næstkomandi Í bréfi þessu er óskað eftir
þátttöku sem flestra kvenna. Einnig var sendur
bæklingur sem félag Sameinuðu þjóðanna gaf út.
og er útdráttur úr samþykktum sem gerðar voru
á kvennaráðstefnunni í Mexíkó síðast liðið sumar.
Einnig er óskað eftir að konur séu minntar á
að nú er K.Í. orðin aðili að bréfaskólanum.
Hefur Bréfaskólinn nú tekið við verkefni
„Siðvenjur og háttprýði" sem K.Í gaf út. Og vonast ~~til~~
K.Í. að koma þar að fleiri verkefnum sem fyrst.
Einnig ~~út~~ útbýtti form 5 eint af „Snepli"
Útgefandi Steinar Guðmundss í Kópavogi.
Er það um baráttuna gegn áfengisvandamálinu.

kosning fulltrúa á sambandsfund k.B.
kosningu hlutu. Elín Lindal með 8 atkvæði.
Erla Guðmundsdóttir 5 atkv. Sigríður Konráðsd til vara.
kosnar 3 konur í skemtinefnd. Fyrir eru til næst árs
Elín Lindal og Jónína Sigurðard.
kosningu hlutu. Inga Birna Tryggvad. 11 atkv.
Sigrún Ólafsd. 11 atkv. Sigurlaug Ingvarsd. 9 atkv.
til vara. Sigríður. Tryggvad. 7 atkv. Vilborg Jónsd. 6 atkv.
kosning gjaldkera. Ingibjörg Ólafsd. 16 atkv.
til vara Elín Lindal.
Formaður bar upp ~~atkvæði~~ fyrirspurn um það hvort k.B. ætti
að gerast eignaraðili að félagsheimilinu á Hvammstanga
og það var samþikkt samhljóða.
Fram kom tillaga svo hljóðandi.
Aðalfundur kvennfélagsins „Freyju" haldinn í Víðihlíð
28 april 1976. ákveður vel til fundið að k.B. styrki
á næstu árum íbúðarhúsbyggingu sem fyrirhuguð er
fyrir aldrað fólk. Og yrðu húsin skýrð hvert fyrir sig

þá að láta eitt hús heiti í höfuðið á Kristínu Gunnarsd fyrrverandi húsfreyju á Auðunnarst.
En hún hefur sennilega fyrst komið með hugmynd byggingu slíkra húsa hér.
flutningsm. Guðrún Ingadóttir.
Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkv.

fundarritari Guðrún Ingadóttir.

175. fundargerð.

Fundur haldin í Víðihlíð 10 september. 1976.
Mættar voru 14 konur.

1. Rætt bréf frá kvenf Björk Hvamstanga
með ósk um að setja upp heilsugæslustöð á Hvamst
var því vel fagnað af konum.

2. Tillaga kom um að setja upp saumastofu í Víðihlíð
6 konur töldu sig geta byrjað að vinna.

3. Samþikkt að halda áfram með leikfimni.

4. Talað um að kaupa kösungavél í réttarskúrinn.

Tillögur.

1. Fundur haldinn í kvenf Freyju skorar á
orlofsnefnd að gangast fyrir leikhúsferð í þessum
mánuði eða sem allra fyrst, þó orlofssjóður sé
tómur, þá ætti að vera hægt að skipuleggja ferðina
af orlofsnefnd, en konur greiði kostnaðinn úr
eigin vasa.

2. Fundur haldin kvenf. Freyju nóvember 1976.

fagnar framkominni tillögu um sjúkrarúm í heilsugæslust og styður hana heilshugar. Félagið er reiðubúið að leggja fram alla þá aðstoð sem það getur.

fundarr. Elisabet. Sigfúsd.

176. Fundargerð.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju.
í Brautalandi 15 jan 1977.
15 konur mættar. Elínborg Ólafsdóttir form
setti fundinn og las bréf sem hafði borist frá bráðabirgðast
hlutaf um stofnun saumastofu í Víðihlíð.
Í bréfi þessu er leitað eftir hvort félagið vilji gerast
hlutafjáraðili að stofnun þess.
1. Fundurinn samþikkti að leggja til ter hundrað þúsund
í fyrirtækið.
2. samþikkt að leggja framm fé til kaupa á ýmsum
áhöldum sem vantar í félagsheimilið til nota við
veitingasölu. Og leita jafnframt eftir frammlögum
frá hreppnum og Ungmennaf Víðir í sama tilgangi

Fundarritari. Elísabet. Vigfúsd.

# Fundargerð 177.

Saumaklúbbur og fundur hjá Elínborgu Ólafsd. 13/11 1977. 11 konur mættar. Og 1. gekk í félagið Ingibjörg Sigurvaldadóttir. Ákveðið var að hreinsa gamla fólkið á Elliheimilinu. Kosnar voru til þess Erla Guðmundsdóttir Ingibjörg Ólafsdóttir Elísabet Vigfúsdóttir. Samþykkt var að gefa [redacted] þvottavél. Ekki voru fleiri mál á dagskrá.

Fundarritari Elísabet Vigfúsdóttir.

Fundargerð ~~179~~. 178.

Aðalfundur Vitihlíð 17. April 197~~7~~

Formaður Elínborg Ólafsdóttir setti fundinn og bað konur að standa upp og minnast Fríðu Sigurbjörnsd Sporði. og Margrétar Jóhannesdóttir Ásgeirsá.

1. kona gekk í félagið. Jónína Hallgrímsdóttir. og var boðin velkomin með lófataki.

20. konur voru mættar.

1. mál gjaldkeri las upp reikninga.

2. Formaður las upp það sem gert hefur verið á árinu.

3. Kvennasambandsfundur haldinn í Vitihlíð. 8 maí. Um veitingar hugsa. Jóna Hallgrímsd og Guðrún Ingadóttir.

4. Pantaðir ~~f~~ridd og dropar.

5. Elínborg Ólafsdóttir bar upp tillögu um að kaupa altarisklæði og dúk í kirkjuna

til minningar um Margréti Jóhannesdóttir
og Fríðu. Sigurbjörnsdóttir.
6. Rætt var um hvað gert verður við ágóða af
skemtun K.B. Tillaga frá Guðrúnu Ingadóttir
Hvort ekki megi, eða einhverju af ágóða sumarhátíðar
K.B. til kaupa á fæðingarumi.
7. Rætt um 60 ára afmæli kvennfélagsins Freyju.
Aðalfundur Freyju ákveður að fara til Akureyrar
í tilefni afmælisins. kaupa þar mat og kaffi
og skoða staðinn. það er athugandi hvort
ekki er hægt að hafa þetta tveggja daga ferð
og gista inn í Eyjafirði.
8! Rætt um garð félagsins. Hreinsa hann og
prýða.
9. Kosningar.
kjósa 2 konur í skemtinefnd.
Halldóra Tryggvadóttir ~~[illegible]~~ 13 atkv.

Sesselja Stefánsdóttir með 10 atkv.
10. komnar 2 konur á aðalfund K.B.
Erla Guðmundsdóttir með 13 atkv.
Elín Lindal 11 atkv.
11. Jóna Hallgrímsdóttir bauðst til að útvega konum blómaplöntur og var gerður góður rómur að því. Ekki voru fleiri mál á dagskrá.
Fundi slitið.

Fundarritari.
Elísabet. Vigfúsdóttir.

# Fundargerð 179.

Fundur haldin í Vífilblið 20/6. 1978.

1. Tilefnið. Verið að biðja um kaffi fyrir Vestur-Íslendinga. 16 konur mættar.

2. Lesin upp fundargerð K.B.

3. Rætt niður vinnu á skemmtun K.B.

4. Tillaga frá Sigurlaugu Ingvadóttur Bakka. að kaupa fleiri plöntur í kvenfélagsgarðinn.

Ekki fleiri mál á dagskrá.

Fundarritari
Elísabet Vigfúsd.

Fundargerð ~~180~~ 181.

Aðalfundur kvennfélagsins Freyju.

25 april 1979 í Víðihlíð. 19 konur mættar.

1. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins. Ein kona gekk í félagið Dagbjört Sveinsdóttir. Laufási.
2. Formaður sagði frá störfum félagsins.
3. Formaður las upp bréf frá stéttasambandi bænda um fjárveitingu til félagsins.
4. Formaður las upp bréf frá kvennfélagasambandi Íslands.
5. almennar umræður um barnaárit
6. Umræður um að leggja fé í íbúðir aldraðra sem verið er að byggja á Hvammstanga.
7. Tillaga kom frá Sigríði Tryggvadóttir ~~að~~ um að reina að kaupa nýj tannlæknigatæki: konur samþikktu tillöguna.

8. Ákveðið var að ræða við kennara í Víðihlíð um kaup á handavinnutækjum í skólann.
Og eins að fara í tal við ~~hin~~ kvennfélögum í hinum hreppunum sem hlut eiga í Laugabakkaskóla um kaup á tækjum til skólans.
9. Kosinn gjaldkeri Sigríður Tryggvadóttir með 9 atkv.
10. Kosnar til að fara á aðalfund. K. b.
Vilborg Jónsdóttir. með 8 atkv. Sigrún Ólafsd. með 7 atkv.
11. Kosnir endurskoðendur. Ingibjörg Ólafsdóttir og Ingibjörg Danielsdóttir.
12. Kosnar í skemtinefnd. Brynhildur Gísladóttir Víðidalst og Steinunn Guðmundsdóttir Jörfa.
Fyrir voru. Jónína Sigurðardóttir Kolugili.
Sigríður Tryggvadóttir Tjörn og Vilborg Jónsd. Hrísum.
Kosin til vara. Ingibjörg Sigurvaldadóttir Litlu Ásgeirsá.
13. Samþykkt var að hækka árgjald í 100,- krónur.

14. kosið í barnaársnefnd til að undirbúa fundum barnaárið. kosnar voru. Elín Lindal. Halldóra Tryggvad. og Sigrún Ólafsd.
15. Samþikkt að kaupa gluggatjöld fyrir salinn í Vítiklit.
16.

Tillaga frá Sigríði Tryggvadóttir Efri-Tiljum.

25/4. 79.

Aðalfundur kvennfélagsins Freyju haldinn í Vítiklit. 25/4. 1979.

Skorar á K.S. að gangast fyrir almennri fjársöfnun til kaupa á tannlækningstækjum. og leita í því skini til Lionsklúbbsins Bjarma og ungmennafélagana.

Fundarritari.
Elísabet Sigfúsd.

180 fundarg. Aðalfundur. haldinn í Víðihlíð 1978.

19 konur mættar. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Sérstaklega tvær nýjar konur sem gengu í félagið þær Steinunni Guðmundsdóttir Þórfa. og Brynhildi Gísladóttir Víðidalstungu.

1. Formaður las upp félagslögin
2. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins.
3. Formaður las upp bréf skrifað af Margréti Jóhannesdóttir Ásgeirsá. og Elínb. Halldórsd. kampholi.
4. Form las upp þakkarbréf frá Fjölsk Urðarbaki.
5. Lesin upp aðalfundargjörð k.b.
6 Rætt um að halda hnýtinganámskeið.
7. Tillaga kom frá Jónínu Sigurðard. Kolugili um að kaupa kaffidúka Tillagan samþykkt.

8. Endurkosin formaður. Elínborg Ólafsdóttir.
9. kosið í húsnefnd. félagsins. kosnar ~~voru~~ var.
Jónína. Sigurðard. Kelugili og tilvara Ingibj Daníelsd.
10. kosnar 2. konur á sambandsf. k.b.
Jónína Sigurðard. Elín Lindal. Til vara.
Sigrún Ólafsd Erla. Pétursd og Vilborg Jónsd.
11 kosnar voru 3 konur í skemtinefnd.
Sigríður Tryggvadóttir Tjörn Jónína Sigurðard Kelugili.
Vilborg Jónsdóttir Hrísum. Til vara. Steinunn Guðmd.
12. Fyrirhugað að fara í leikhúsferð til að sjá
Skáld. Rósu. kosnar konur til að athuga umferðina
kosnar voru Guðrún Ingadóttir Hrappst og.
Sigrún Ólafsdóttir Sólbakka.

Fundarritari
Elísabet Sigfúsd.

182 Fundagerð.

Fundur hjá kvennfélaginu Freyju 6/7 Víðidal.
Formaður félagsins setti fundinn og las upp fundarg.
k. B. Á fundinn komu 11 konur.
Til þessa fundar var boðað af tilefni barnaársins.
Matti nefnd sú er kosin var af aðalfundi félagsins.
þessa nefnd skipa Elín Lindal. Sigrún Ólafsdóttir.
Halldóra Tryggvadóttir Til þessa fundar kom einnig
að þeirra ósk Sigrún Þórisdóttir kennari Þorkellhólsk.
Rædd voru mál barna frá ýmsum sjónarhornum.
og virtust þau óþrjótandi. Í samráði við kennara
ákvað fundurinn að stuðla að uppsetningu
bókasafns sem yrði þeim til ánægju. og þroska.
og hafði í huga aldurshópar uppi 12-14 ára.
Til fjáröflunar skal leitað eftir frjálsum
framlögum hreppsbúa til að byrja með.
Senda skal heim á hvern bæ áður en framlags
er leitað fræðsluskjal um þettað efni

samið af barnaársnefnd. Báðu nefndarkonur Sigríður Þórisdóttir kennara að vera sér innan handar við bókakaupin. Og féllst hún á það.
Þá ákvað fundurinn einnig í samráði við kennara að festa kaup á 8 Vegg grindum. til notkunar við handavinnukenslu. í skólanum. í Víðihlíð.
Ætlar kvennfélagið að sjá um kaup á þeim.
Þá ákvað fundurinn einnig að þörf væri á fleiri leiktækjum við skólann. Og samþikkti fundurinn að senda stjórn ungmennafélagsins. tillögu um það efni. Samdi barnaársnefnd tillögu og hljóðar hún þannig.
Fundur haldin í kvennfélaginu Freyju 6/7 1979.
Skorar á ungmennaf Víðir að gangast fyrir kaupum á leiktækjum svo sem rennibraut, klifurgrind, og fleira til afnota fyrir ungmenni sveitarinnar

og skulu tölgi þessi vera staðsett í tengslum
við skólann í vitilið.
Friðjendur tillögu. Elín Lindal Halldóra Tryggvadóttir
og Sigrún Ólafsdóttir.
Einnig samþykkti fundurinn að efna til
barnaskemtunnar í sumar, ~~í sumar~~ og reina
framvegis að hafa slíka skemtun á ~~ári~~ hverju
sumri við þeirra hæfi. Var skemtinefnd
félagsins falið þetta til framkvæmdar.
Þar sem valnaból frá nærliggjandi bæjum
við skólann stendur óbyggt var barnaárnefnd
falið að tala við eigendur þess og fá ur þessu
bætt svo engum stafi hætta af þessu.
Og voru þetta lokaorð fundarins.
Formaður sleit fundi og þakkaði konum komuna

Fundarritari Vilborg Jónsdóttir

183 Fundargerð.

Fundur haldinn í kvennfélaginu Freyju í Víðihlíð 22/11 1979. Mættar voru 15 konur. Byrjað var á að minnast Hrefnu Henriksdóttur frá Jörfa. Sem lengi var félagskona.
Fyrsta mál á dagskrá var heimsókn kvennfélagsins til aldraðra á Ellíheimilinu Hvammstanga. Fyrirhugað var að sína þeim myndir úr Noregsförinni og fleira.
Samþikkt var að kvennfélagið fengi sér ávísana-reikning í sparisjóðnum.
Samþikkt var að halda málfundanámskeið og Guðrún Ingadóttir kallaði saman fund eftir áramótin þessu viðvíkandi:
Bundin hefur verið inn ein bók af Gráðlingi í vetur. Og fyrir hugað er að koma honum öllum í band. Ákveðið var að halda flosnámskeið.
Fleira var ekki tekið fyrir. Fundarr. Elísabet Vigf.

~~184.~~

# 184. Fundargerð.

Fundur haldinn í kvennfélaginu Freyju í Víðihlíð. 8/1 1980.
Fyrsta mál á dagskrá var hvort við vildum taka þátt í kaupum á hljómflutningstækjum 1/3 á móti Ungmennafélaginu Víði, það var samþikkt með öllum greiddum atkvæðum.
kvennfélagskonum var boðin þáttaka í málfundanámskeiði hjá Ungmennasambandinu.

Fundi slitið.

Elísabet Sigf.usd.

185. Fundargerð

Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldin í Víðihlíð 20/4 1980. 18 konur mættar.

1. Ein kona gekk í félagið. Herdís Sigurbjartsdóttir.
2. Minnst var Kristínar Árnadóttir frá Króki.
Ein kona gekk úr félaginu Sigríður Konráðsdóttir Stórhól.
3. Gjaldkeri les upp reikninga.
4. Rætt var um að taka gjald fyrir kort á spilakvöldum í samráði við Ungmennafélagið.
5 Reykningar félagsins samþikktir.
6 formaður las upp skírslu stjórnar um störf á árinu.
7. Formaður las upp bréf frá Rauðakrossinum. var beðið um fjárstirk vegna sjúkrabílsins.
8 samþikkt var að láta tvö hundruð þúsund krónur í sjúkrabílinn.

9. Formaður las upp bréf frá handprjóna-sambandi Íslands.
10. Formaður las upp bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands.
11. Samþykkt var að senda Kvenfélagasambandi Íslands skeyti vegna 50 ára afmælisins.
12 Miklar umræður voru vegna bygginga á kaffiskúr. En hann fauk í vetur.
13. Tillaga kom frá Þórunni Sigurðardóttir Kolugili um að senda hreppsnefnd Þorkelhólshrepps beiðni um fjárstyrk vegna væntanlegra bigginga á nýjum ~~sk~~ kaffiskúr.
14. Formaður las upp bréf frá skólanefnd Laugabakkaskóla um viðbygginguna við Víðihlíð, sem notast skal sem skólahúsnæði.
15. Tillaga kom frá Guðrúnu Ingadóttir

að koma upp íþróttaðstöðu í sambandi við skólann.
16. Sigurlaug Ingvarsdóttir kom með tillögu um að kaupa plöntur í trjágarð félagsins.
17. Tillaga kom frá Sigrúnu Ólafsdóttir Sólbakka. að fara í skemtiferð á vegum félagsins. en konur borgi ferðakostnaðinn sjálfar.
18. Tillaga kom frá Sigríði Tryggvadóttir um að kaupa ílát undir mold í kirkjuna og prestaspaða.
19. Ingibjörg Jónsdóttir Laufási sendi 5 þúsund krónur að gjöf til félagsins.
20. Samþikkt að selja kaffi á kosningadaginn og samlokur á réttardagsdansleiknum.
21. Vilborg Jónsdóttir Hrísum var kosin formaður félagsins með 8 greiddum atkvæðum Steinunn Guðmundsdóttir Varaformaður með 5 greiddum atkvæðum.

22. kosið var í skemtinefnd. Dagbjört Sveinsdóttir með 11 atkvæðum. Sigurlaug Ingvarsd. 7 atkv. Herdís Sigurbjartsd. 6 atkv.
Halldóra Tryggvadóttir varamaður 6 atkv.
23. kosið var á sambandsfund K.B
Halldóra Tryggvadóttir 4 atkv.
Sesselja Stefánsdóttir 4 atkv.
25. kosið í húsnefnd. kosningu hlaut
Steinunn Guðmundsdóttir. 5 atkv.
varamaður. Guðrún Ingadóttir 5 atkv.
26. kosin bygginganefnd. kaffiskurðins.
kosnar voru. Ingibjörg Ólafsd. 14 atkv.
Jónína. Sigurðardóttir 12 atkv.
varamaður. Guðrún Ingadóttir 7 atkv.
27. Formaður kvaddi og óskaði nýja formanninum velfarnaðar í starfi.
fundi slitið.

Fundarritari
Elísabet Vigfúsd.

186. Fundargerð

Fundur haldinn í Víðihlíð 30/6 1980.
5 konur mættar.
Vegna byggingu kaffiskúrs.
Mættar voru á fundinum. Sigríður Tryggvadóttir.
Jónína Sigurðardóttir Elínborg Ólafsdóttir.
Vilborg Jónsdóttir Elísabet Vigfúsdóttir
og Guðmundur Karlsson byggingafulltrúi.
Samþikkt var að hafa skúrinn, kúrs og byggingarnefnd
var búin að ákveða.
R Ragnheiður Konráðsdóttir Gröf. gaf
5 þúsund krónur sem fyrsta framlag í skúrinn
fundi slitið.

Fundarritari
Elísabet. Vigfúsd.

186. Fundargerð

Fundur í Vitihlíð 22/8 1980. Kvenfélagið Freyja.
13 konur mættar.

1. Rætt var um að ~~að~~ væntanlega væri kaffi hér í Vitihlíð laugardag 30/8 og eiga félagskonur hér að sjá um veitingar og einhverja dægradvöl fyrir gesti.

2. Formaður las fundargerð K.B.

3. Rætt var um að stilla í hófi verði á öli og gosdr. sem selt er í réttum. Ákveðið var að selja flöskuna á 300 kr.– kaffi á 2,500–

4. Rætt var um byggingu kaffiskúrs, og raðað í vinnuhópa.

5. Samþykkt var að fresta skemtiferð sem fyrirhugað var að fara í sumar.

6 Rætt var um að hafa barnabingó og kaffi. og fleira til ágóða fyrir barnabókasafnið 31/8 1980

7. Formaður las þakkarbréf frá sóknarnefnd fyrir gjafir í kirkjuna, einnig þakkarkort frá K.B. fyrir afmælisskeiti.
Það kom fram að komið er í kirkjuna moldarilát sem ákveðið var að gefa.

Fundi slitið.

Fundarritari
Guðrún Ingadóttir.

187. Fundargerð.

Fundur haldinn í Víðihlíð 25/11 1980.
75 konur mættar.

1. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar.

2. Tillaga kom framm um að biðja. Sigrúnu Ólafsdóttir Sólbakka um að kaupa. 20 sálmabækur í Reykjavík í Víðidalstungukirkju.

3. Tillaga kom um að biðja sömu konur að kaupa bækur í barnabókasafnið. Það eru Elín Lindal. Sigrún Ólafsdóttir og Sigríður Tryggvadóttir. Peningar til bókakaupa eru 69 þús krónur.

4. Ákveðið er að koma saman fyrir jólin og búa til jólakörfur undir sælgæti,

5. Tillaga kom fram um að velja málsaðila í því við kvenfélögin í þeim hreppum sem eiga aðild að Laugabakkaskóla, að kaupa litasjónvarp í skólann.

Samþykkt var ~~að~~ 100 þúsund króna framm̄lag frá kv. Freyju.
Tillöguna flutti Brynhildur Gísladóttir.
6 Bréf kom frá Jakopi Þorsteinssyni með 15 þúsund krónum til kaupa á bollapörum fyrir réttarskúrinn.
7. Félagskonur heimsækja gamla fólkið 1. november.
Konurnar sem fara eru. Erla Pétursdóttir Litlu-Hlíð. Guðrún Ingadóttir Hrappst. Vilborg Jónsdóttir Hrísum. Jónína Sigurðardóttir Kolugili.
8. Tillaga kom um að ráða í þvottaflokk. til að þrífa eftir skemtanir.
Tillagan var samþykkt með 3 atkv gegn 2 –

Í fundi slitið

Fundarritari.

Elísabet. Sigfúsd.

188. Fundargerð.

Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 29/3 '81.
1. Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, og þá sérstaklega Valdísi Valdimarsd. sem gekk í félagið, var hún tekin inn með lófaklappi.
2. Formaður tilnefndi fundarritara Jónínu Sigurðard.
3. Formaður minntist tveggja látinna félagskvenna Herdísar Jóhannesdóttur og Kristínar Árnadóttur með því að fundarkonur risu úr sætum.
4. Formaður las skýrslu um starfsemi félagsins á árinu.
5. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og skýrði þá, engar umræður voru um þá og þeir samþykktir samhljóða
6. Formaður las upp tillögur frá kvenfélagasambandi Íslands um fjáröflunarleiðir fyrir K.Í og þar ræddar vítt og breitt og var það 4. tillaga sem

var samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2.
er hún þess efnis að hvert héraðssamband greiði árlega allt að 1% af brúttótekjum sínum til K.Í.

7. Formaður las upp skrá um þær gjafir og tækji sem K.B. hefur gefið sjúkrahúsinu á Hvammstanga.

8. Rætt var um Freyjulund, og á að reyna að fá einhvern til að klippa og snyrta tréin helst núna um páskana.

9. Rætt var um kaffiskúr kvennfélagsins og hvað þarf að lagfæra þar, er það helst að setja þarf gler í staðin fyrir rúðu sem sett var á vestur hlið.

10. Rætt var um hvort ekki ætti að baka til í félagsheimilinu, sérstaklega í kjallara. var Steinunni á Jörfa sem er í húsnefnd falið að koma þessu á framfæri til húsnefndarinnar. Steinunn var kosin í húsnefnd 1980 og er kosið á tveggja ára fresti.

11. Rætt var um skemmtiferð fyrir félagskonur. í

sumar var stjórninni falið að kanna málið.
12. Jónína Sigurðard. vakti máls á lagfæringu á Víðidalstungukirkju, kom fram að kirkjan væri í mikilli fjárþröng. Tillaga frá Jónínu Sigurðard. á Kolugili Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldin í Víðihlíð 29/3 81 samþykkir að gefa Víðidalstungukirkju 5000 kr vegna mikilla lagfæringa sem verið er að vinna að nú í vetur. Tillagan samþykkt samhljóða.
13. Tillaga kom frá Sigríði Tryggvad. til K.B. um að sambandið héldi áfram að beyta áhrifum sínum til þess að reynt yrði að fá tannlækni til Hvammstanga, þar sem hreint neyðarástand ríkti í þessum málum á þessu svæði. Fundarkonur samþykktu að senda tillöguna til K.B.

Gert var kaffihlé.

14. Rætt var um kaup á hvítum dúkum til þess að hægt væri að dekka öll borð í salnum við erfisdrykkjur og aðrar veislur sem félagið tekur að sér. Samþykkt var að láta stjórnina athuga með kaup á þeim.

15. Kosningar. Kosin ritari í stað Elísabetar Sigfúsd sem baðst undan kosningu, kosningu hlaut Jónína Sigurðard með 7 atkv til vara Steinunn Guðmundsdóttir með 5 atkvæði
Kosnar 2 konur í skemmtinefnd. Elín Líndal með 10 atkvæðum og Sigrún Ólafsdóttir með 9 atkvæðum.
til vara. Valdís ~~Vald~~ Valdimarsd. með 7 atkv Elinborg Ólafsd með 6 atkv. Kosnar tvær konur til að fara á sambandsfund K.B. Steinunn Guðmundsdóttir með 9. atkv.
Sigurlaug Ingvarsdóttir með 4 atkv. til vara Guðrún Ingad. með 4 atkv
Kosnar tvær konur til að endurskoða reikninga félagsins, endurkosnar voru Ingibjörg Ólafsdóttir og Ingibjörg Danielsd. með lófaklappi
Kosnar 3 konur í garðnefnd: Sessilia Stefánsdóttir með 9. atkv. Jónína Sigurðard. með 8 atkv. Sigurlaug Ingvarsd. með 6 atkv. til vara Elín Líndal með 6 atkv. Sigrún Ólafsdóttir með 5 atkv.
16. Gjaldkeri tók við félagsgjaldi sem var 1 kr.
Fleira lá ekki fyrir fundinum, formaður þakkaði konunum fundarsetuna og sleit fundi.

Jónína Sigurðardóttir (ritari)

# 189. Fundargerð.

Fundur haldin í kvenfélaginu Freyju 30 júlí "81.
13. konur voru mættar. Formaður bauð fundarkonur velkomnar og setti fundinn. Formaður las upp dagskrá fundarins sem var bréf frá stjórn saumastofunnar Borg um hlutafjáraukningu kvenfélagsins til saumastofunnar. Síðan átti að ræða um fyrirhugað ferðalag félagskvenna.
1. Rætt var um endurnýjun á þeim fjórum hlutabréfum sem félagið keypti í upphafi stofnunnar saumastofunnar. Voru konur ekki á einu máli um þá fjáraukningu sem beðið var um í endurnýjunni. Fram fór atkvæða greiðsla um þetta og féllu atkvæði þannig.
Ein vildi endurnýja 2 hlutabréf
9 vildu endurnýja 4 hlutabréf, Ein hlutlaus og Ein á móti. Var því ákveðið að endurnýja öll 4 hlutabréfin er það 1000 kr hvert bréf núna verða því 4000 kr. en í upphafi var hvert hlutabréf 250 kr.
2. Rætt var um ferðalag félagskvenna uppástunga kom um

hvort ekki ætti að fara í berjaferð vestur í dali eða norður á strandir, ekki vildu allar konur fara í berjaferð, var því stjórninni falið að sjá um ákvörðun þessa máls.

3. Formaður las upp aðalfundargjörð K.B. 1981

Fleira lá ekki fyrir, fundi slitið

Jónína Sigurðardóttir (ritari)

# 190. Fundargerð

Aðalfundur kvennfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 17 apríl 1982. Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, en mættar voru 14 konur. Fyrsta málið á dagskránni var að formaður flutti skýrslu félagsins. Því næst las gjaldkeri upp reikninga félagsins og voru tekjur kr 106.333.31 en gjöld 49.659.93. og til næsta árs 56.673.38 Voru reikningar samþykktir samhljóða. Þá las formaður bréf frá Þjóðminjasafni Íslands, þar sem beðið er um upplýsingar varðandi gamla lifnaðarhætti. Ákveðið var að leita til Óskars í Víðidalstungu og Björns í Laufási varðandi þetta mál. Því næst las formaður bréf frá kvenfélagasambandi Íslands sem fjallaði um þing norræna húsmæðrasambandsins. Þá barst bréf frá Gigtarfélagi Íslands þar sem farið er fram á fjárhagsaðstoð vegna kaupa á gigtarlækningastöð. Samþykkt var að leggja fram 1000.00 kr. Einnig var lesið bréf frá félagasamtökunum "Vernd;"

og beðið um fjárhað til styrktar heimili fyrir fyrverandi fanga. Ákveðið var að senda kr 500⁰⁰ til samtakanna.
Þá tók Guðrún Angadóttir til máls og fjallaði um
„Gráðling" blað félagsins og fór þess á leit að kosin
væri 1 kona í ritnefnd blaðsins. Einnig las hún frásögn
úr blaðinu.
Rætt var um tillögu um inngöngu í kvenfélagasamband
Norðurlands, ekki var samstaða um að ganga í það.
Tillaga frá Jóninu Sigurðardóttur á Kolugili:
Aðalfundur kvennfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 17-4.1982.
skorar á stjórn K.B. að gangast fyrir námskeiði í
matargerð. t.d. grill og pottréttir og öðrum nýjungum
í matargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.
Önnur tillaga frá Jóninu Sigurðardóttur
Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 17-4-1982.
samþykkir að fela stjórn kvenfélagsins að athuga með kaup
á Ljósbitunarlampa fyrir ungbörn, með það í huga að
gefa sjúkrahúsinu á Hvammstanga tækið. Samþykkt
var að fela stjórninni athugun á þessu máli.

Tillaga frá Vilborgu Jónsdóttur og Sigrúnu Ólafsdóttur um að gefa kirkjunni kransastatív og blómavasa. Var það samþykkt samhljóða.
Formaður bar fram tillögu um að styrkja Ungmennasambandið með verðlaunagjöfum á eitt mót. Var ~~það~~ samþykkt að fela Magnúsi Sveinbjörnssyni að athuga málið. Rætt var um hugmynd Sigríðar Tryggvadóttur um að fara á Húnavökuna. Ákveðið var að fara á Húsbændavökuna föstudaginn 23 apríl.
Tillaga frá Sigurlaugu Ingvarsdóttur Bakka.
Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 17-4. 1982. Felur stjórn félagsins að kanna áhuga félagskvenna um kaup á matjurtaplöntum. Var Jóninu Sigurðardóttur falin athugun á þessu máli
Formaður las bréf frá tveimur félagskonum þeim Ingu Birnu Tryggv. og Erlu Pétursdóttur þar sem þær segja sig úr félaginnu.
Þá var gengið til kosninga:
Kosnar voru þrjár konur í skemmtinefnd.
Valdís Valdimarsdóttir með 12 atkvæði Elínborg Ólafsdóttir

með 8 atkv. og Ingibjörg Danielsdóttir með 7 atkv. Til vara Þesselja Stefánsdóttir og Steinunn Guðmundsdóttir.
Þá voru kosnar tvær konur á aðalfund K.B. Kosnar voru: Maria Pétursdóttir með 8 atkv og Herdís Sigurbjartsdóttir með 7 atkvæði. Til vara Dagbjört Sveinsdóttir með 5 atkv.
Gjaldkeri. Sigríður Tryggvadóttir var endurkosin með lófaklappi.
Endurskoðendur félagsins, þær Ingibjörg Ólafsdóttir og Ingibjörg Danielsdóttir voru ennfremur endurkjörnar með lófaklappi. Þá var kosin ein kona í húsnefnd. Kosin var Sigrún Ólafsdóttir með 5 atkv. til vara Guðrún Ingadóttir með 4. atkv. Kosin var ein kona í ritnefnd Græðlings kosin var Ingibjörg Danielsdóttir með 12 atkv.
Þrjár konur voru kosnar í garðnefnd, þær Sigrún Ólafsd. Elinborg Ólafsdóttir og Elín Lindal allar með 5 atkv.
Þesselja Stefánsdóttir var fyrir í nefndinni.
Elín Lindal, Sigríður Tryggvadóttir og Sigrún Ólafsdóttir voru allar endurkjörnar í barnabókasafnsnefnd.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Steinunn Guðmundsdóttir (vararitari)

## 191. Fundargerð.

Stjórnarfundur haldin á Kolugili 18/6 1982.

1. Rætt var um hvort ekki ætti að reyna að selja kaffi þann 26 júní í Víðihlíð, en þá eru fyrirhugaðar hreppsnefndarkosningar, voru stjórnarkonur sammála um það og einnig að vera ekki að okra á sveitungunum, var kaffið selt á

2. Ákveðið að kaupa örbylgjuofn með ungmennafélaginu Víði, með það fyrir augum að selja heitar samlokur á skemmtunum félagana.

3. Rætt um og ráðað niður bakstri fyrir heimsókn Dalamanna, sem koma allvðu 24 júní alls um 80 manns sérpantað: Smurtbrauð og rjómapönnukökur.

Ákveðið að selja kaffið á 45.00 stk. (skammtinn)

Að lokum var Steinunn Guðmundsd. sett inn í varaformanns-embættið vegna fjarveru formans á miklum annatíma.

Fleira lá ekki fyrir. Fundarslit

(ritari) Jónína Sigurðardóttir

192. Fundargerð.

Fundur haldin í kvenfélaginu Freyju 12-8-1982.
Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur
velkomnar, 10 konur voru mættar.
Formaður las upp aðalfundargerð K.B.
Fundarkonur ræddu um vinnuviku til
fjáröflunar fyrir ár aldraðra og komust þar
að þeirri niðurstöðu að bezt væri að vinna
þetta í saumaklúbbum og heimafyrir
Rætt um sumarkaffi K.B. sem kvenf. Iða sér
um í Ásbyrgi 15 ágúst. Ákveðið að fara hring
í Miðfirði eða í kirkju að Melstað kl 2. með
það fólk sem fer úr Víðidalnum.
Rætt um Réttarbakstur, formaður spurðist
fyrir um hvort konurnar væru ekki sammála
um að koma með brauð afganga frá réttunum
á réttarballið handa hljómsveit og starfsfólki,
það var samþykkt.

Rætt um notkun á örbylgjuofni í kaffiskúr í réttunum, samþykkt að selja heilar samlokur sleppa á köldum samlokum. Sigríði Tryggvad. falið að panta hráefni, Vilborg sér um öl og niðurröðum á bakstri fyrir réttir, Jónína Sig falið að koma örbylgjuofninum fyrir í Kaffi-skúrnum og leiða út skolp frá vaski.
Elínborg Ólafsd. bauðst til að búa til kafu fyrir réttarkaffið, var það þegið með þökkum.
Samþykkt að kaupa gólfklúta, kústa og fötur til að hafa í kaffiskúrnum.
Elínborg Ólafsd var beðin að halda áfram að reyna að fá einhverja eða einhvern til að hafa brennslunámsskeið fyrir félagskonur.
Elínborg kom með sýnishorn af verðlaunagrip sem kvenfélagið gaf til U.S.V.H (fyrir besta) til afhendingar fyrir bezta afrek í íþróttum á æskumóti sem haldið var að Reykjaskóla í sumar, voru konurnar afar ánægðar með þennan fagra grip.

Sigrún Ólafsdóttir spurðist fyrir um vasa og kransa-statif sem gefa átti Víðidalstungukirkju. Formaður sá sér ekki fært að kaupa það í Reykjavík vegna tímaleysis, ætlar að athuga með vasa hjá U-S-P. og blómastatif seinna.
Formaður sýndi fundarkonum gjöf sem kvenfélaginu var gefin sem bingóvinningur, gjöfin var frá Sigríði Friðriksdóttur.
Sessilia Stefánsdóttir beindi því til húsnefndarkonu að kaupa þyrfti glös fyrir Víðihlíð.
Fleira ekki tekið fyrir, fundargjörð lesin upp og samþ.
Formaður þakkaði konunum fyrir komuna, og sleit fundi.

(Ritari) Jónína Sigurðardóttir.

# 193. Fundargerð.

Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldin í Víðihlíð 13-3-1983. Formaður setti fundinn og stirði honum. Formaður bauð fundarkonur velkomnar þá sérstaklega 2 nýjar félagskonur Sigríði Magnúsdóttur og Jóhönnu Sigfúsdóttur. 13 konur mættar á fundinum.

1. Formaður las upp skýrslu félagsins og hún samþykkt.
2. Gjaldkeri tók næst til máls og skýrði reikninga félagsins. kom þar fram að tekjur félagsins væru 82.148.39 eignir 73.013.91 tekjuafgangur 1982 16.340 53 reikningarnir voru samþykktir samhljóða.
3. Lesið bréf frá Flugbjörgunarsveitinni V-Hún þar sem beðið er um fjárhagsaðstoð vegna tækjakaupa, svo sem hjúkrunar-hjálpar og fjarskiptatækja, bréf þetta var rætt og ákveðið að gefa 2000.00 kr

4. Lesið bréf frá friðarhreifingu kvenna af Stór-Reykjavíkursvæðinu, um afvopnunarmál, vinna að friði og byggja að mannréttindi séu í heiðri höfð, samþykkt að senda hreifingunni línu um að þetta hafi verið rætt og allar fundarkonur sammála um að vinna að friði í heiminum.

5. Formaður ræddi um inntöku heiðursfélaga og eru það þær Ingibjörg Jónsdóttir Laufási ~~og~~ sem verður 70 ára 29 mars næstkomandi og Herdís Sturlud frá Sólbakka. Samþykkt að bjóða Elísabetu Vigfúsd að skrautskrifa á heiðursbréf til þeirra og ákveðið að afhenda Ingibjörgu þetta skjal á afmælisdaginn hennar, og Herdísi við fyrsta tækifæri.

5. Guðrún Ingadóttir tók næst til máls og sýndi og ræddi um "Græðling„ þar kom fram að til eru 10. árgangar sem eftir er að ganga frá.

Guðrún hvatti konur til að vera duglegri að skrifa, og eða afla efnis í blaðið, kom fram að Björn Guðmundsson í Laufási hefði verið afar duglegur við að gefa blaðinu efni bæði í bundnu og óbundnu máli ætti hann nærri því allan árganginn 1982.

6. Formaður sagði frá því að sleppa ætti kvöldmat á sambandsfundum K.B. var þetta ákveðið á formannafundi sem haldinn var á Hvammstanga.

7. Formaður sagði frá því að Aðalbjörn Benediktsson hefði hringt og sagt frá því að hann ætlaði að fá Óla Val Hansson til að kenna ræktun á nytjajurtum og sagðist vonast til að konurnar tækju vel í þessa hugmynd.

8. Spjallað um handavinnumuni sem verið er að bjóða um í hannyrðasýninguna sem á að vera á Vorvöku um bænadagana í Félagsheimilinu á Hvammstanga.

9. Rætt um Víðidalstungu kirkjugarð, um lagfæringu á garðinum, og gera hann þannig úr garði að hægt væri að slá og snyrta hann á sem auðveldastan hátt. Ákveðið var að fela stjórninni að skrifa sóknarnefndinni bréf um að kvenfélagið hefði mikinn áhuga á að styrkja þetta verk.
10. Ákveðið að gefa verðlaunagrip til U.S.V.H. til afhendingar á Óskumóti næstkomandi sumar.
11. Ákveðið að panta blóm og kál eins og gert var síðastliðið vor.
12. Sigrún Ólafsdóttir spurðist fyrir um væntanlega viðbyggingu við sjúkrahúsið. Formaður svaraði því og las upp tillögu frá aðalfundi K.B um þetta mál, kom fram að búið væri að gera kostnaðaráætlun en ekki lengra komið.
13. Tillaga kom frá félagskonum í Freyju:
Aðalfundur Kf. Freyju haldinn í Víðihlíð 13/3 '83.

skorar á K.B. að leita til allra félagasamtaka og hreppsfélaga í sýslunni um fjárframlög til dagstofubyggingar við Sjúkrahúsið á Hvammst. svo hægt sé að hefja framkvæmdir í vor.

Kvenfélagið Freyja.

14. Sigríður Tryggvadóttir spurðist fyrir um, hvort áhugi væri fyrir að fara á Húnavöku. Allar höfðu áhuga á því, en ekki sérstaklega á Húsbandavöku eins og farið hefur verið undan farið. Samþykkt að fara og bjóða öllum eiginmönnunum með.

15. Kosningar:
Formaður Vilborg Jónsdóttir var endurkjörin með lófaklappi.
Kosnar 2 konur í skemmtinefnd:
María Pétursdóttir með 12 atkvæði og Jóhanna Sigfúsd. með 11 atkvæði. til vara Steinunn Guðmundsd. með 2 atk.

og Herdís Sigurbjartsd. með 1 atk.
Kosnar 2 konur á Sambandsfund, Herdís Sigurbjartsd
með 9 atk. ~~Sigurbjörg~~ Dagbjört Sveinsd. með 6 atk til vara
Ingibjörg Danielsd með 4 atk.
Kosin varastjórn kosningu hlutu:
Varaformaður Steinunn Guðmundsd með 12 atk
Varagjaldkeri Elín R Lindal með 11 atk.
Vararitari Sigrún Ólafsdóttir með 9 atk.
Endurskoðendur þær Ingibjörg Ólafsd og Ingibjörg Danielsd
voru endurkjörnar með lófaklappi
16. Tillaga frá Sigríði Tryggvadóttur að gefa 1000 krónur
til Barnabókasafnsins í Víðihlíð. Það var samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir, formaður þakkaði fundarkonum
komuna og sleit fundi; fundargjörðin lesin upp og samþykkt.

Fundarritari Jónína Sigurðard.

194. Fundargjörð.

Fundur haldin í Víðihlíð 6/9. 1983 hjá kvenfélaginu Freyju. 16 konur mættar. Fyrsta mál á dagskrá var réttarkaffi. Ákveðið var að kaupa rafmagnskapal til að leggja frá húsunum á L-Ásgeirsá suður í skúrinn. Og verð á söluvörum. Næsta mál á dagskrá var hvað við gætum lagt mikið af mörkum til lagfæringar á kirkjugarðinum, ákveðið var að leggja fram 25 þúsund krónur. Næst voru tekin fyrir bréf sem höfðu borist. 1. bréf frá biskupi ~~um~~ með ósk um stuðning við starfsemi trúboða og aðra starfsemi. 2. bréf frá U-S-V-H. ~~(sendu)~~ þar sem þeir þökkuðu veittan stuðning. 3. bréf Flugbjörg-unarsveit V-Hún sendi fána sveitarinnar sem

þakklætisvott fyrir veittan stuðning.
Lesin fundargjörð K.B og var hún rædd
Lesið var yfir reikninga Saumast. Borg

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Fundarritari. Elín Líndal.

195. Fundargjörð.

Fundur haldin hjá kvenfélaginu Freyju 22/11 1983
í Víðihlíð. 12 konur mættar.
Formaður bauð fundarkonur velkomnar og las
dagskrá fundarins.
1. Leikhúsferð. Stjórnin hefur ákveðið að bjóða
félagskonum sínum og mökum þeirra á söngleikinn
May fair lady á Akureyri 4 des næstkomandi,
allar voru sammála um það.
2. Heimsókn á sjúkrahúsið á Hvammst. að heimsækja

gamla fólkið helgina 26-27. nov.
& Dagbjört Sveinsdóttir. Elísabet Vigfúsd. Herdís Sigurbjarts.
Vilborg Jónsd og Helgi Axelsson ætla að heimsækja
gamla fólkið.

3. Kaup á teppahreinsunarvél, sem Elísabet Vigfúsd.
hafði stungið uppá að kvenfélagið keypti og leygði
út til fólks, konurnar voru hrifnar af þessari hugmynd
Gjaldkeri og ritari eiga að athuga með kaup á
þessari vél.

4. Formaður skýrði frá formannafundi, og ræddi um
tombólu á kvenabandshalið, og bað konurnar að
hugsa málið fram að aðalfundi í vor hvernig
hvernig eigi að fjármagna K.B. hvort eigi að hafa
tombólu áfram eða eitthvað annað til fjármögnunar
fyrir K.B.

5 Guðrún Ingadóttir frá Hrappsstöðum sem nú er flutt
til Hvammstanga sendi bréf til félagsins og

spurðist fyrir um það hvort hún fengi að vera í félaginu áfram, allar voru því samþykkar. Einnig spurðist hún fyrir um hvort ekki væri einhver sem vildi taka við "Græðling„ af sér, en engin af þessum konum sem mættar voru vildu taka við honum. Svo það var samþykkt að bjóða hana að halda áfram með "Græðling„.

6. Stjórninni falið að athuga með námskeið.

Fleira ekki tekið fyrir, formaður þakkaði konum fundarsetuna og sleit fundi. Fundargjörð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundarritari: Jónína Sigurðard.

196. Fundargjörð.

Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 31/3 1984. 15 konur mættar.
Formaður bauð fundarkonur velkomnar og þá sérstaklega 3 nýja félaga, þær Sigrúnu Valdimarsd. Dæli. Jóninu Ögn Jóhannesd Galtanesi og Élínu Jónasd Hrappsstöðum, teknar inn ~~en~~ í félagið með lófaklappi. Tvær konur gengu úr kvennfélaginu á árinu þær Ingveldur Björnsd Dæli og Þórdís Lárusdóttir Þórukoti.
Fyrst á dagskrá var skýrsla formans, var hún samþykkt.
Annað á dagskrá, gjaldkeri las upp reikninga félagsins þar kom fram að tekjur voru 222.483.08 kr gjöld 164,455.97 kr Eignir alls 131,041.02 kr. reikningar bornir undir atkvæði og þeir samþykktir.
Þriðja: Formaður skemmtinefndar gerði grein fyrir skemmtunum hjá félaginu. Konum þótti slæmt að

sumarskemmtunin hafi fallið niður vegna þess að ágóði af þeirri skemmtun á að ganga til Barnabókasafns Víðihlíðar, skemmtinefndarkonur útbjuggu framtíðar skegg á jólasveinagrímur. Beiðni kom frá einni konu í sveitinni að halda fleiri barnaskemmtanir að sumrinu eða gera eitthvað fyrir börnin.
Fjórða: önnur mál. Rætt um hvar geyma eigi teppahreinsara allar vildu að hann yrði geymdur í Víðihlíð, og hafa á lista með vélinni svo þeir sem fá hana, geti skrifað nöfn sín þar á til að hægt verði að rukka inn eitthvert gjald fyrir hana.
Sigrún Ólafsdóttir skýrði frá því hvað gera ætti fyrir félagsheimilið, það kom fram að laga á kvennasnyrtingu kaupa borð og stóla, og glös, mikið var rætt um lagfæringu á eldhúsi félagsheimilissins. Tillaga kom til húsnefndar.
Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 31/3 1984.
beinir því til húsnefndar Víðihlíðar að láta smíða

og setja upp efriskápa í eldhúsi Víðihlíðar, og er kvenfélagið reiðubúið að borga meir en sem svarar sinum eignarhlut í þessum framkvæmdum.
Rætt um verðlagningu á seldu kaffi, fundarkaffi 100 kr
stjórn félagsins var veitt leifi til að hækka kaffi á miðju ári í 120 kr. Veislukaffi 150 kr.
Búnaðarsamband V-Hún hefur beðið kvenfélagið að sjá um hádegismat, kaffi um miðjan daginn, kvöldmat og jafnvel kvöldkaffi. samþykkt að taka þessu.
Samþykkt að gefa bikara til ungmennasambandsins á æskumót í sumar.
Samþykkt að gefa 2000 kr til Flugbjörgunarsveitar V-Hún
Rætt um fjáröflunarleið fyrir K.B. konur voru á því að hafa miðana ódýrari, en þeir voru á síðustu hlutaveltu heldur en að hafa þá svo dýra að þeir seljist ekki upp, en alls ekki að leggja tombóluna niður, því við viljum að ágóðinn af þessari skemmtun rennur til

góðra málefna.
Tillaga til K.B. Aðalfundur Kf Freyju beinir því til KB að fólkið sem býr í íbúðum aldraðra verði heimsótt af kvenfélögunum eða boðið inn á sjúkrahúsið þegar konurnar koma í heimsókn. Elinborg Ólafsdóttir.
Aðalfundur Freyju haldin í Víðihlíð 31/3 1984 beinir því til K.B. að athuga um föndur fyrir fólk í íbúðum aldraðra, allavega kanna áhuga íbúana fyrir föndri næsta vetur.

Aðalfundur Kf Freyju álíktar að hlutaveltan megi ekki leggjast niður, því þetta hafi verið góð tekjuöflunarleið fyrir K.B Fundurinn skorar því á K.B. að lækka miðaverð allt að helming frá síðustu skemmtun. Þessar þrjár tillögur voru sendar til K.B.
Lesið bréf frá Kvenfélagasambandi Íslands um fund sem verður í Reykjavík 7-8 apríl svokallaða vorvöku, aðalefnið er að kynnast og sannreyna hversu fjölmenn samtök okkar eru, kynnast nýju

landnámi kvenna í Skjörnsýslu, listum vísindum og víðar.
Formaður Freyju hefur ákveðið að fara á þennan fund, fannst félagskonum sjálfsagt að félagið borgaði allan kostnað við þessa ferð.
Rætt var um kaup á kaffivél, en vegna þess hversu dýr hún reyndist, var því slegið á frest, en láta aðrar framkvæmdir ganga fyrir. Ákveðið að koma saman í Freyjulundi og klippa og reita
Komið var að kosningum.
Ritari endur kosin með lófaklappi
Skemmtinefnd. Oddný Jósefsdóttir með 13 atk.
Steinunn Guðmundsdóttir með 11 atk
Dagbjört Sveinsdóttir með 5 atk.
til vara. Hilda Gísladóttir með 3 atk
Sigurlaug Ingvarsd með 3 atk
Herdís Sigurðarsd með 3 atk.

Sambandsfundur: Ingibjörg Ólafsdóttir með 13 atk.
Sesilia Stefánsdóttir með 12 atk.
Til vara: Vilborg Jónsdóttir
Húsnefnd: Sigrún Ólafsdóttir endurkjörin í húsnefnd með lófakl.
Endurskoðendur, endurkjörnir með lófaklappi.
Fundargjörð lesin upp og hún samþykkt.
Ekki fleira tekið fyrir, formaður þakkaði fundarsetuna og sleit fundi.

Fundarritari Jónína Sigurðardóttir

197. Fundargjörð

Þann 21 júní "84 var haldin stjórnarfundur að Fitjum.
Kosið var garðnefnd fyrir Freyjulund og Sigrún Ólafsd
fyrir húsnefnd.
Rætt um kaup á leirtaui, matardiskum og hnífapörum
mjólkurkönnum, tertuhnífum, hitakönnum og fleiru sem
nauðsinlega vantar til veisluhalds.
Ákveðið að borga 30.000 í eldhúsinnréttingu í
eldhúsið í Víðihlíð.
Rætt um hvað selja eigi kaffi og mat, á Aðalfund
Búnaðarsambands V-Hún ákveðið 900 kr á mann.
Beðið hefur verið um kaffi fyrir 55 mans á kjör-
mannafund í Víðihlíð, kaffi kosti 150 á mann.
Fram kom að skógræktarmaður Húnavatnssýslu bjóst til að
útvega félaginu að kostnaðarlausu, trjáplöntur í Freyjulund,
var það fúslega þegið og ákveðið að setja þær niður þar.

Rætt um fjáröflunarleið fyrir tombólu K.B., komið hafði til tals að hafa hana í nóvember. Konurnar sem mættar voru á þennan stjórnarfund voru mjög óánægðar með þetta og neituðu að vinna við hana þá en vildu hafa hana á sama tíma og hefur verið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

ritari Jónína Sigurðard.

198. Fundargjörð.

Þann 7/9 84 var haldinn fundur í kvenfélaginu Freyju í Víðihlíð 13 konur mættar. Formaður ~~bauð~~ setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar og stjórnaði fundi.

1 Formaður las upp aðalfundargjörð K.B. Rætt um dagsetningu á Kvennabandshátíð, konur ekki á sama máli um hvenær hún á að vera. Minnst var á dagstofubyggingu við Sjúkrahúsið á Hvammstanga sem er orðin fokheld. Það

kom fram að (~~hætt~~ er við ~~þessar~~) framkvæmdir liggja niðri núna vegna peningaskorts, samþykkt að leggja 50.000 kr í bygginguna í september sem byrjunar upphæð, reyna ef mögulegt er að bæta öðrum 50.000 kr við í nóvember '84.

Næsta mál á dagskrá var, verðlagning á réttarkaffi, ákveðið að kaffi og kökur yrði selt á 100 kr, molakaffi á 30 kr Gos á 20 kr. Malt og pilsnir á 25 kr. Pylsa á 35 kr samlokur 60 kr.

Samþykkt að hækka veislukaffi í 200 kr fundarkaffi í 120. kr.

Sigrún Ólafsdóttir sagði frá innkaupaferð til Akureyrar þar sem hún keypti fyrir hönd kvenfélagsins borðbúnað fyrir 30 manns. Fleira lá ekki fyrir og fundi slitið

ritari Jónína Sigurðardóttir

199. Fundargjörð.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju 3 des 1984.
Formaður setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og tilnefndi fundarritara Steinunni Guðmundsdt.
Mættar voru 12 konur.
Rætt var um að fara í leikhúsferð, ákveðið var að fresta henni fram yfir áramót.
Þá var ákveðið að fara í heimsókn á sjúkrahúsið sunnudaginn 9 des.
Ólöf Sigurbjartsdóttir hefur lofað að aðstoða við gerð aðventukransa og fleira, var ákveðið að gera það næsta fimmtudagskvöld.
Gjaldkeri skýrði frá hvað mikið hefði fengist af peningum út úr réttunum, var það um 48 þús fyrir réttirnar og um 160 þús fyrir ballið. Búið er að greiða til dagstofubyggingarinnar kr 100. þús. Núna kvenfélagið eiga um 140-150 þús kr. Ákveðið var að halda spilakvöld og hafa kaffisölu í janúar til ágóða fyrir dagstofubygginguna og á að selja spilakortið á 100kr og kaffið einnig á 100kr.

Brynhildur Gísladóttir spurði hvort lána mætti bækur úr barnabókasafninu í Viðeklíð, í Laugabakkaskóla, var því frekar andmælt, en ákveðið að bókasafnsnefndin sæi um að hafa opið þegar spilakvöld eru.
Samþykkt var að kaupa bækur í bókasafnið fyrir 5 þús kr. Til eru í barnabókasjóði 2.260 kr. og ætlar kvenfélagið að leggja til það sem á vantar.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Steinunn Guðmundsd.

200 Fundargjörð.

Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn 16/3 1985 í Víðihlíð.
Mættar voru 17. konur. Formaður bauð fundarkonur
velkomnar og setti fundinn.
Fyrsta mál á dagskrá var skýrsla formans.
Síðan skýrði formaður frá ferð sinni til Reykjavíkur
síðastliðið vor, í tilefni af vorvöku sem formönnum
kvenfélaga á landinu var boðið að koma á, var
þetta hin skemmtilegasta og fróðlegasta ferð.
Gjaldkeri las upp reikninga félagsins, tekjur á árinu
voru $18.308.^{26}$ gjöld á árinu $259.592.^{25}$ eignir alls. $149.349^{28}$
reikningar voru samþykktir samhljóða.
Lesið upp úr skemmtinefndarbók, hvað gert hefði verið á
árinu, rætt um dansleiki á árinu, umræða var um að
sleppa júní ballinu, en ekki allar konur ánægðar með það,
ákveðið að halda helginni í júní. Ákveðið að gefa
verðlaunagripi á æskumót á Reykjaskóla. Ákveðið
að gefa Flugbjörgunarsveit V-Hún 2000 kr.

Fram kom að uppúr skemmtuninni sem félagið
hélt til styrktar dagstofubyggingu á Hvammstanga,
komu 13.850 kr og var ákveðið að kaupa gardínur
til að setja þar upp, og ætlar félagið að
bæta við þessa upphæð ef þetta dugir ekki.
Rætt um barnabókasafnið, þar kom fram að það er
afskaplega lítið notað, kanski vegna þess að það
er ekki opið sama dag og bókasafn hreppsins.
Ætlar bókasafnsnefnd félagsins að ræða við hinn
aðilan um breyttan opnunartíma, tillaga um föstudag 4-6
Ákveðið að gefa 3000 kr til barnabókasafnsins.
Rætt um að reyna að fá Ólöfu Sigurbjartsd. til
að klippa tré í Freyjulundi, byrja á að vinna
fyrir 5000 kr. ~~Ef~~ verður mikið eftir að klippa þegar
þessi upphæð ~~að~~ er búin, verður kanski bætt við upph.
Formaður spurði fundarkonur hvað þeim ~~[illegible]~~ fyndist
að mætti selja matarskammt með molakaffi,
konum fanst að það væri temmilegt að
selja hann á 300 kr.

Umræða var um ár æskunnar, var helst komist að þeirri niðurstöðu að láta krakkana gera eitthvað fyrir fullorðna fólkið, jafnframt að það væri sjálfsagt að aðstoða þau við framkvæmd á einhverju ef þau vilji eitthvað gera sér og öðrum til skemmtunnar, konunum fanst best að vera í samráði við Umf Víðir með þetta.
Húsnefndarfulltrúi okkar sagði frá framkvæmdum við félagsheimilið. Breyta á kyndingu láta rafmagnsupphitun í stað olíu, gera við suðurhlið hússins vegna þess hvað lekur inn, klæða á innanú senuna og mála gólfið.
Kosningar: Gjaldkeri kosin Sesilia Stefánsdóttir með 5 atkv. til vara Sigrún Ólafsdóttir með 4. atkv. Skemmtinefnd, Sigrún Vald. með 13 atkv. Sigríður Magnúsdóttir með 8 atkv, til vara Herdís Sigurbjartsd. með 4 atkv. Jónína Jóhannesd. með 3 atkv. Sambandsfund. Oddný Jósefsdóttir með 9 atkv Sigrún Valdimar með 8 atkv til vara Vilborg Jónsdóttir með 5 atkv.
Endurskoðendur; Ingibjörg Daníelsd með 13 atkv Elín Líndal með 5 atkv.

til vara Jónína Jóhannesd með 4 atkv.
Formaður þakkaði fráfarandi gjaldkera fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, og bauð nýjan gjaldkera velkomin til starfa, fleira ekki tekið fyrir, fundarkonum þökkuð fundarsetan og fundi slitið.

Ritari. Jónína Sigurðard.

201 Fundargjörð.

Fundur haldin hjá kvenfélaginu Freyju 25/7 1985 í Víðihlíð Mættar voru 8 konur. formaður bauð fundarkonur velkomnar. Formaður tilnefndi ritara Jónínu Sigurðard.
Fyrst var lesin fundargjörð frá aðalfundi K.B.
Fram kom í henni að reyna ætti að koma á fjáröflun fyrir K.B. hugmyndin væri að prófa að láta útbúa Jólakort og selja. Komið hafa fram tillögur um að hafa mynd af gamla læknisbústaðnum og blómamynd. Rætt var um dagstofu ~~bið~~ í nýbyggingu við sjúkrahúsið, konum fanst fráleitt að hafa þá stóla

sem keyptir voru fyrir sjúklingana, eru þeir armlausir og illharðir, mjög óhentugir á allan hátt. Okkur kom saman um að athuga með kaup á hillum sem hægt væri að koma fyrir í dagstofunni til þæginda fyrir fólkið sem þar dvelur. Aðeins var rætt um kvöldvöku sem haldin var í félagsheimilinu á Hvammstanga á vegum K.B. fanst konum það mjög miður að það voru fengnir karlmenn héðan úr héraðinu til að skemmta en ekki konur, konur hér í héraði eru ágætis hagyrðingar og sögumenn, sem hægt hefði verið að fá á þessa kvöldvöku til að skemmta. Sigríður Tryggvad. vakti athygli á tölvukaupum, sem gætu komið til nota fyrir Laugabakkaskóla. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ritari. Jónína Sigurðard.

202 Fundargjörð.

Fundur haldin í kvenfélaginu Freyju 5-11-1985. Formaður setti fundinn og stjórnaði, bauð fundar konur velkomnar. 13 konur voru mættar, formaður til nefndi fundarritara Jónínu Sigurðard.
1. Bréf hefur borist frá K.B var þar verið að biðja um fjárstyrk til kaupa á bytnafrystingsmæli fyrir Heilsugæsluna á Hvammstanga, samþykkt að láta 10.000kr.
2. Rætt um styrk frá Stéttarsambandi bænda sem nemur 18.424 kr, ~~sem~~ þeir benda á nauðsyn þess að efla atvinnulíf í sveitum, þar á meðal smáiðnað ýmiskonar, sem gæti orðið að tekjubót fyrir sveitaheimili, konur sáu ekki neina skynsamlega lausn á þessari ábendingu, ákveðið að vísa þessum styrk til K.B. til námskeiðahalds, þangað til eitthvað verður fundið upp í sambandi við iðnað í sveitum.
3. Sagt frá jólakortasölu á vegum K.B. kortið og umslagið selt á 15 kr.

4. Ákveðið að kaupa Myrkvartjöld fyrir dagstofuglugga á sjúkrahúsinu fyrir peninga sem safnað var hér á skemmti-kvöldi á vegum Freyju„ til styrktar dagstofubyggingu,
5. Fengnar konur til að fara og skemmta gamla fólkinu síðustu helgina í nóvember.
6. Ákveðið hefur verið að halda sameiginlegan skemmtifund félaganna á vegum K.B. í félagsheimilinu á Hvt. 9 nóv. Skemmtiefni á að vera í 10 mín frá hverju félagi, síðan á að drekka kaffi, lítill áhugi hjá fundarkonum að mæta á þessa samkomu.
7. Fram kom að það vantar jólaskraut til að skreyta salinn fyrir barnaballið.
8. Lesið bréf frá kvenfélagasambandi Íslands, var það beiðni um fjárstyrk til kaupa á krabbameinslækningatæki á kvensjúkdóma-deild Landsspítalans við innrigeislun leghálskrabbameins kostar það 3.5 miljónir, ef hver kona innan kvenfélagana gæfi 200 kr væri komið upp í þetta tæki, þetta á að styðja af alhug, jafnvel allar kvenfélagið Freyja að styðja þessi kaup.
Fleira ekki á dagskrá, fundi slitið. Ritari Jónína Sigurðard.

# 203. Fundargjörð.

Aðalfundur Kf. Freyju haldin í Víðihlíð 5/4 1986.
Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur
velkomnar. 16 konur voru mættar.
Dagskrá fundarins er þannig. Skýrsla formans
Reikningar, Önnurmál og kosningar. Fyrst las formaður
upp skýrslu félagsins, kom þar fram það helsta
sem félagið hafði gert, á árinu, var það til dæmis.
7 spila-kvöld síðan 1 spilakvöld með skemmtiefni
var það til ágóða fyrir dagstofubyggingu. Þrír
dansleikir, fjölskylduskemmtun til ~~að~~ ágóða
fyrir, barnabókasafn, tvö bingó með Umf. Víði þá var
jólatrésskemmtun að venju, selt kaffi hér í húsinu
við ýmis tækifæri, og að venju réttarkaffi og fl.
Gjaldkeri las upp reikninga félagsins, ~~og~~ umræða varð
um hvort ekki skyldi hafa reiknishefti hér í
húsinu til að hægt væri að útbúa nótu fyrir
seldu kaffi með hagræðingu fyrir Gjaldkera.

Reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir.
Formaður spurðist fyrir um kaup á ljósritunarvél sem Sigurður á Kolugili vakti máls á við formann, var það hugmyndin hjá Sigurði að kaupa þessa vél með t.d. hreppi, Umf. Víði, veiðifélagi, kf. Freyju og fl. umræða var um þetta, konum fanst svo sem allt í lagi að vera með í þessum kaupum ef það verður komið góð aðstaða fyrir þetta tæki hér svo auðvelt sé fyrir fólk að komast í það. þessu vísað til stjórnar til frekari umfjöllunar.
Úrsögn kom frá tveim konum Jóhönnu Sigfúsd. og Sigurlaugu Ingvarsd.
Þjóðarátak gegn krabbameini var næst á dagskrá, formaður las bréf frá samtökunum, fara þau fram á að kf. Freyja veiti aðstoð við að safna peningum fyrir krabbameinsfélag ~~ið~~ Íslands til styrktar margvíslegra verkefna t.d. tækjakaupa einkum fyrir landsbyggðina og til að efla forvarnir, rannsóknarstörf og fræðslu um fyrirbyggjandi aðgerðir. Sigríður Tryggvad, Sigrún Valdimars.

og Oddný Jósefsdóttir ætla að fara um sveitina og safna. Framlag frá Freyju verður 2000 kr.
Lesið bréf frá Ritaraskólanum boðið var uppá námskeið fyrir nemendur af landsbyggðinni, og skólinn bjóst til að hafa milligöngu um útvegun húsnæðis fyrir allt að 15. nemendur.
Ákveð að gefa verðlaun á öskumót fyrir bestan árangur í hverri grein.
Ákveðið að gefa Flugbjörgunarsveit V-Hún 5000 kr
Lesið bréf frá stéttarsambandi bænda um námskeið í skyndihjálp, kosnaður við þau er 8000.kr auk ferðakostnaðar, beðið var um að kanna þátttöku, 2-3 konur ákveðnar að fara.
Formaður vakti máls á vídióupptökutæki sem hefur komið til tals að kaupa, til afnota fyrir félögin, hugmyndinu kom frá Júlíusi Guðna á Þorkelshóli. Þetta var rætt dálitið og fannst konum ekki tímabært að fara út í kaup á þessu tæki að svo stöddu, vísað til stjórnar til frekari umfjöllunar.

Skýrt frá stöðu Barnabókasafnsins, kom þar fram að nýbúið er að kaupa inn bækur og vantar 788,65. kr uppi þá upphað sem keyptar voru bækur fyrir
Haldin var barnaskemmtun í nóvember með tombolu leikjum, ~~og~~ dansi og fl. ágóði af þeirri skemmtun var 4775 kr og rennur sú upphað til barnabókasafnsins einnig var haldið þorrablót fyrir börn og unglinga sem var mjög vel lukkað ágóði af því varu 73 kr og fer það til barnabókasafnsins. Konur lýstu ánægju sinni yfir þessum tveim skemmtunum fyrir haldnar voru fyrir ungmennin í sveitinni.
Næst á dagskrá kosningar.
Formaður endurkjörin með lófaklappi.
þrjár konur kosnar í skemmtinefnd
Elín Jónasdóttir með 13 atk. Jónína Johannesd. 14 atk.
Elín Lindal með 13 atk. til vara Sigríður Tryggvad með 5 atk.
Elinborg Ólafsd með 3 atk. og Ingibjörg Danielsson með 3 atk.
Tvær konur kosnar á Sambandsfund. Sigríður Tryggvad. með 13 atk Elín Jónasd með 6 atk. til vara Steinunn G.

með 5 atk. Elinborg Ólafsd með 3 atk.
Sigríður Magnúsd með 2 atk. Sigríður Tryggvad.
kosin í húsnefnd með lófaklappi
Garðnefnd strokuð út, enginn áhugi hjá konum
að koma í garðinn og taka til hendinni.
Fram kom að hver kona varð að borga 300 kr í
bílkostnað vegna keramiknámskeiðs sem haldið var
í marz, kennari Þórdís Vilhjálmsdóttir Gauksmýri
Fleira lá ekki fyrir fundi, formaður þakkaði
fundar konum fundarsetuna og sleit fundi

ritari Jónína Sigurðardóttir.

204 fundargjörð

Stjórnarfundur haldin 24/6 1986 í Birkihlíð.
Tilefni fundarins var að K.B hefur boðið öldruðu folki í V-Hún
til kaffidrykkju og fór þess á leit við Kf. Freyju að sjá um
það 28/6. Það var samþykkt og við röðuðum niður
bakstri. Lesin fundargjörð frá aðalf. K.B og hún samþ. fleira lá ekki fyrir
fundi slitið. ritari Jónína Sigurðard.

205 Fundargjörð.

Fundur var haldin hjá kf. Freyju 7/8 1986 í Víðihlíð.
7 konur mættar.
Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar og
bað Jónínu Sig um að rita fundargjörð.
Dagskrá fundarins er fundargjörð aðalfundar K.B.
sumarskemmtun K.B. og eitthvað fl. smálegt. Formaður las
fundargjörðina. Rætt var um hugmynd sem kom
fram á aðalf. K.B. um að gera eitthvað í tilefni 70ára
afmæli K.B. sem er árið 1988. Hugmynd kom fram á
fundi K.B. um að láta gera skúlptur eða styttu og
staðsetja hana hjá Heilsugæslustöðinni, einnig var rætt
um að láta gefa út rit um starfsemi félagana
innan K.B. Fundarkonur hjá Freyju voru ekki sampykkar
þessum hugmyndum, vildu heldur láta kaupa eitthvað
nýtilegt, jafnvel til minningar um fyrstu formenn K.B.
og um útgáfu rits fannst þeim og kostnaðarsamt ~~mt~~
Sumarskemmtun K.B. verður haldin 16 ágúst. og hefst kl 14[30]

Freyja á að skaffa vinnukraft við tómbólu á skemmtunni, hver kona á að gefa 6 vinninga.
Fram kom að kapall sá er notaður hefur verið í réttarskúrinn hefur verið lánaður af Ólafi Óskarsyni en það mun ekki vera hægt að fá hann lengur lánaðan vegna eigin nota, er Ólafi færðar þakkir fyrir lánið á kaplinum. Kvenfélagið ákvað að kaupa kapal til að tengja í skúrinn.
Bréf kom frá Herdísi Sigurbjartsd. var það úrsögn úr félaginu
Formaður kynnti reikninga saumastofunnar Borg 1985 líta þeir ekki sem bezt út og verður jafnvel boðið uppá aukningu hlutabréfa og hlutafjár seinna á árinu. verður það ákveðið á framhaldsfundi hjá St-Borg
Fleira lá ekki fyrir fundi. formaður þakkaði fundarsetuna og sleit fundi

ritari Jónína Sigurðard.

206. Fundargjörð.

Fundur haldin hjá kf. Freyju 6/11 1986 í Viðihlíð. Mættar voru 11 konur. Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, og bað Jóninu sig að rita fundargjörð.

Dagskrá fundarinns.

1. Formaður las bréf sem hefur borist frá saumastofunni Borg. Var það beiðni um aukið hlutafé. Að sögn Sigurðar Lindal framkvæmdastjóra er bjart framundan í rekstri saumastofunnar. Kvenfélagið á 8 hlutabréf = 8000 kr. samþykkt var með 10 atk gegn 1. að fimmfalda hlutabréfin verða það 40.000 kr.

2. Rætt var um saumanámskeið. Rætt hefur verið við Jóninu Joh um að taka að sér að leiðbeina á námskeiðinu, hún hefur samþykkt það. námskeiðsgjald var ákveðið 2000 kr fyrir hverja konu, k.f. borgar 1000 kr. K.B. 1/3 og hver kona greiðir 600 kr. byrjað verður mánud 10/11.

3. Rætt um heimsókn á Sjúkrahúsið sem verður um mánaðamótin nóv og des.

4. Gjaldkeri gerði grein fyrir sölu á kaffi ~~og~~ í réttunum og stóðréttarballi, Inn kom 51.833^60 fjárrétt. 16,883.^90 stóðrétt, um 200.000 kr kom fyrir ballið. þetta eru brúttó tölur.

5. Formaður las fundargjörð frá formannafundi K.B. ýmislegt var rætt þar, þar á meðal kom fram að K.B. ætlar að gefa jólatré í Nestun og hillu undir videóspólur í dagstofu sjúkrahússins. Kvöldvaka verður 20 nóv í Ásbergi, kf Freyja á að koma með þrjár kökusvortir og skemmtiefni í 10 mín. Ýmislegt fleira var rætt á þessum fundi

6. Almennar umræður um þorrablót sem haldið var fyrir ungmennin í sveitinni, allar konur voru sammála um að hafa þorrablót, en á öðrum tíma að deginum jafnvel að láta það byrja kl 18. en ekki kl 20. Athuga á með að kaupa bollapör, teskeiðar og gaffla. Plastkönnur og löngföt undir rúllutertur og brauðtertur. Fleira lá ekki fyrir fundi, formaður þakkaði fundarsetuna og sleit fundi. ritari Jónína Sigurðard.

# 207 Fundargjörð.

Stjórnarfundur haldin í janúar 1987 á Kollugili
Rætt um 70 ára afmæli kvenfélagsins, hvernig ætti að minnast þeirra. Umræðan beindist helst að því að, ~~sv~~ fara í ferðalag og sjá sig um jafnvel að fara út fyrir landssteinana, eða að fara í 1-2 daga ferð innanlands, stíla verður á þann ferða mála sem mun henta sem flestum félagskonum, ekki lá fleira fyrir fundi og honum slitið.
Framhaldsfundur var á Hrísum á saumaklúbbi í febrúar. Þar var ~~rætt~~ þráðurinn tekin upp að nýju og rætt um hvað konurnar vildu helst gera í tilefni af 70 ára afmælinu, það komu eindregin tilmæli frá félagskonum að fara í skemmferð, áhugi var fyrir ferð til Færeyja eða Vestmannaeyja heldur var hallast á að fara til Vestmannaeyja það yrði hentugri ferð fyrir allar konurnar. Stjórn falið að kanna hvað ferð til Vestmannaeyja kostaði. Fleira uppástungur komu ekki. Ritari: Jónína Sigurðard.

208. Fundargjörð.

Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldin 1/5 1987.
Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar
12 konur mættar, formaður stjórnaði fundi og tilnefndi
ritara Jónínu Sigurðardóttur.
Fyrst á dagskrá var skýrsla formanns. þar kom fram
það ~~halak~~verðasta sem félagið hefur gert á árinu
félagið sá um kaffi fyrir aldraða í sýslunni
var það ekki nógu vel heppnað, meðal annars
vegna þess að það kom engin~~n~~ frá K-B.
til að taka á móti því og það voru ekki nógu
margar konur að vinna við kaffið, formaður
lét þess getið að slíkt mætti ekki koma fyrir
aftur.
Annað mál á dagskrá, ~~var~~ reikningar félagsins
lesnir upp og skýrðir tekjur 666.279.57
Gjöld. 572.267.55. tekjuafgangur 266.186 83 kr. þeir
bornir undir atk og samþykktir samhljóða.

þriðja: Skýrsla skemmtinefndar. Haldnir 3 dansleikir Jólatrésskemmtun, Jólabingó og Páskabingó á móti umf Víði Barnaþorrablót, dansleikir komu mjög vel út.

Fjórða: Rætt um 70 ára afmæli félagsins, ritari skýrði frá því sem var búið að athuga um, með ferð til Vestmannaeyja. Síðan var ákveðið hvað stóra upphæð láta á í afmælisferð frá félaginu! Uppástunga kom um 70 þúsund önnur um 100 þúsund, fundar konum fanst ágætt að hafa það 70 þ. þúsund krónur á ár, það var samþykkt. Konur höfðu áhuga fyrir að fara jafnvel til útlanda, rætt var um helgarferð til Færeyja eða eitthvað annað, var Jónínu Sigurðard. falið að athuga með þannig ferð.

Fimmta: Tillaga frá stjórn um hvort ekki ætti að gera Ingibjörgu Ólafsd Auðunnarstöðum að heiðursfélaga. samþykkt.

Sjötta: Ákveðið að styrkja Flugbjörgunarsveit V-Hún með 5000 kr framlagi

Sjöunda: Ákveðið að gefa verðlaunagripi á æskumót

eins og venjulega.
Áttunda: Ákveðið verð á kaffisölu. Veislukaffi 350 kr
Fundarkaffi 250 kr Jarðarfarakaffi 300 kr.
Níunda: Samþykkt að byðja Guðrúnu Ingad að halda
áfram með „Gráðling".
Tíunda: Rætt um kaup á kaffibollum, samþykkt að
stjórn kaupi bollapör gaffla og teskeiðar, og láti merkja
bollana með nafni kvenfélagsins Freyju.
Ellefta: Formaður las bréf frá K.B. um breytingatillögu [8 gr.]
sem varðar fjárstyrk frá stéttarsambandi bænda til
handa félögunum innan K.B. vegna námskeiðahalds,
og um að stjórn K.B fari með fjárlög félagsins
hverju sinni, en beri undir kvenfélögin öll meiriháttar
fjárútlát. Samþykkt það síðara.
Breytingatillaga til K.B. sem varðar 8 grein sem hljóðar þannig.
Aðalfundur kf. Freyju haldin í Víðihlíð 1/5 1987.
Leggur til að styrkur frá stéttarsambandi bænda
skiptist þannig að hvert félag fái jafna upphæð

burtséð frá félagafjölda. flutningsm. Elín Líndal.
Úrsagnarbréf barst frá Elínu Jónasdóttur Hrappsstöðum.
Tólfta: Ákveðið að styrkja fjárhagslega byggingu áhaldaskúrs eða til kaupa á skúr fyrir íþróttaáhöld sem þarf til íþróttaiðkunnar.
þrettánda: Rætt var um kvöldvöku sem er á vegum KB. sem haldin er að haustinu, konur sem fóru héðan fannst hún hafa tekist vel en vildu fá breytingu á framkvæmd hennar og þá kom tillaga til KB.
Aðalfundur kf Freyju haldin í Víðihlíð 1/5 1986 leggur til að framkvæmd skemmtikvölda K.B. verði breitt þannig að það félag sem samkoman verði hja sjái um veitingar, annað verði óbreytt. flutningsm. Elínborg Ólafsd.
Fjórtánda: Kosningar, kosin ritari Oddný Jósefsdóttir með 4 atk.
Sigríður Tryggvad með 3. atk.
Skemmtinefnd: Sigríður Tryggvad með 10 atk
Sigrún Ólafsd með 7 atk
Elínborg Ólafsd með 6 atk

Til vara í skemmtinefnd. Steinunn Guðmundsd með 6 atk.
Brynhildur Gíslad með 4 atk
Jónína Sig (~~Vilborg Jónsd~~) með 2 atk.
Sambandsfundur: Elinborg Ólafsd með 7 atk
Jónína Sigurðard með 7 atk
til vara: Sigrún Ólafsdóttir með 6 atk
Vilborg Jónsdóttir með 2 atk
Fleira lá ekki fyrir fundi formaður þakkaði fráfarandi ritara fyrir vel unnin störf og bauð ~~sagði fundi slitið~~ nýja ritaran velkomna til starfa. Formaður þakkaði fundarkonum fundarsetuna og sagði fundi slitið.

Fundarritari Jónína Sigurðardóttir.

# 209 Fundargjörð

Fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju . miðvikudaginn 6 mai 1987 í Víðihlíð. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Og bað Jónínu Sigurðard. að vera fundarstjóra og Oddnýju Jósefsd. fundarritara. Mættar voru 15 konur til að ræða um ferðalag í tilefni 70 ára afmælis félagsins. Jónína Sigurðard. las upp upplýsingar sem hún var búin að afla sér, um ~~verð~~ á ferð til Færeyja og til Kölnar í Þýskalandi. Miklar umræður urðu um þetta og helst fallist á að fara til Kölnar. 12 konur voru með Kölnar ferð og enginn á móti. Þessi ferð er líka opin fyrir eiginmennina. Ferð til Kölnar með morgunverði og gistingu kostar 14 þúsund kr. Ákveðið var að fara dagana 12-16 júní. Fleira lá ekki fyrir fundi. Formaður þakkaði konum fundarkonum fundarsetuna og sagði fundi slitið.

Fundarritari: Oddný Jósefsdóttir.

210 Fundargjörð.

Stjórnarfundur haldinn hjá kvenfélaginu Freyju, fimmtudaginn 25 júní 1987 í Víðihlíð. Tilefni fundarins var að ræða um kaffiveitingar á Ullarmóti

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ritari: Oddný Jósefsdóttir

211 Fundargjörð.

Fundur haldinn hjá kvenfélaginu Freyju, miðvikudaginn 2 september 1987 í Víðihlíð. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar.

12 konur voru mættar á fundinn.

1. Formaður las upp fréttatilkynningu frá Kvenfélagasambandi Íslands „Aldurinn færist yfir!“ og var bæklingur um það til sýnis. Voru fjölbreyttar umræður um efni ársins.

2. Formaður bað Jóninu Sigurðardóttur að lesa upp aðalfundargerð K.B. Þá fellur í hlut Freyju að halda skemmtikvöld fyrir kvenfélögin, og sér það líka um veitingar, síðar verður ákveðið hvenær þetta verður.
3. Rætt var um kaffisölu í réttum og raðað í vinnuhópa. Vilborg Jónsd, Oddný Jósefsd, Sigríður Tryggvad og Erla Guðmundsd ætla að sjá um bakstur. Rætt var um hvort ætti að selja öl í flöskum eða dósum, voru skiftar skoðanir um þetta, en ákveðið var að hafa dósir og rör og ef mikill óþrifnaður væri af dósunum að borga börnum fyrir að safna saman dósum.
4. Tillaga kom frá Jóninu Sigurðard. að selja kakódrykk í réttum, var það samþykkt. Selja á kaffi á 250 kr, kakó og molakaffi á 60 kr, samloku á 120 kr og pylsu á 75 kr.
5. Athugað hvort konur vildu panta krydd og dropa í heildsölu, ekki var áhugi á því.
Fleira lá ekki fyrir fundi. Formaður þakkaði

konum fundarsetuna og sleit fundi.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
Fundarritari: Oddný Jósefsd.

212 Fundargjörð

Saumaklúbbur og fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju á Lækjamóti þriðjudagskvöldið 1 desember 1987. Mættar voru 12 félagskonur og 1 utanfélagskona. Formaður bað Jóninu Sigurðard. að skíra frá hugmynd hennar, að reynt yrði að afla tekna fyrir félagið á einhvern annan hátt, en bara að selja kaffi og halda böll. Kom hún með þá tillögu að keyptar yrðu Kísinkur og safnað yrði óþarfa hríslum í Freyjulundi. konur kæmu svo saman í Víðihlíð eina kvöldstund. að búa til jólaskreytingar,

og yrði svo ferðast um sveitir og reynt að selja.
Tillagan samþykkt og ákveðið að kaupa 70 stk.
Formaður gat þess að fara þyrfti á Sjúkrahúsið á
Hvammstanga og heimsækja gamla fólkið. Gaman væri
ef 3-4 konur gætu farið og sungið nokkur gömul
og góð lög fyrir fólkið.
Oddný Jósefsdóttir spurðist fyrir um hvort ekki væri
hægt að hafa kakó og rjóma á jólatrésskemmtuninni
í staðin fyrir Sodastrim, þótti það yfirleitt
sjálfsagt og væri það miklu jólalegra.
Fleira ekki tekið fyrir.

Ritari Oddný Jósefsd.

213 Fundargjörð.

Stjórnarfundur hjá kvenfélaginu Freyju haldinn í Víðihlíð 11 janúar 1988. Mættar voru Vilborg Jónsdóttir og Oddný Jósefsdóttir úr stjórn og Sigrún Ólafsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir og Sigríður Tryggvadóttir úr varastjórn.
Tilefni fundarins var að ræða hvort félagið ætti að taka þátt í spurningakeppni U.S.V.H, en sambandið fór þess á leit við félagið, að stjórnin sæti fyrir svörum hjá því.
Ekki var afgerandi áhugi, en samt fannst konunum ekki viðeigandi að neita því.
Var því samþykkt að vera með.
Fleira lá ekki fyrir fundi.

Ritari Oddný Jósefsd.

# 214 Fundargjörð.

Saumaklúbbur og fundur hjá kvenfélaginu Freyju haldinn á Sólbakka, miðvikudagskvöldið 13 janúar 1988. 12 konur voru mættar.
Formaður gat þess að Jónína Sigurðardóttir hefði áhuga á að félagið gæfi flugbjörgunarsveitinni afmælisgjöf í tilefni 5 ára afmælis sveitarinnar. Og bað Jónínu að skíra frá hennar hugmynd.
Jónína sagði að ýmislegt væri sem sveitina vantaði t.d. Jöklatjald eða talstöð og var búið að kanna verð á þessu og var það um 30 þúsund.
Élín Líndal tók til máls og sagði að sér findist æskilegra að eyða peningum félagsins til líknarmála, en væri hún samt ekki á móti því að gefa eins og 10 þúsund, fleiri tóku undir hennar orð. Formaður sagði að sitt álit væri að þessir menn í F.B.sveitinni leggðu sig

í mikla hættu oft í leitum, t.d þegar þeir tóku þátt í leit að týndri flugvél í Tjösufjöllum í apríl "86 í aftaka veðri og finndist sér mætti gera vel við þá.
En samþykkt var að gefa fyrrnefnde upphæð.
Rætt var um hvort ekki væri hægt að gefa eitthvað til Sjúkrahússins, var stjórninni falið að athuga um, hvað helst vantaði.
Fleira lá ekki fyrir.

Ritari Oddný Jósefsd.

215 Fundargjörð.

Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn 16 apríl 1988 í Víðihlíð. Formaður setti fundinn, bað Oddnýju Jósefsd að vera ritara og bauð konur velkomnar, 10 konur voru mættar.

1. Formaður las skýrslu stjórnar, meðal annars var Ingibjörg Ólafsdóttir gerður heiðursfélagi á árinu og henni færð blóm og heiðursskjal í tilefni 70 ára afmælis hennar.
2. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins, tekjur voru 712,485,85, Gjöld 731,223.00, frá fyrra ári 266,186.83, Gjöld umfram tekjur 18,737.15 Eignir samtals 247.449.68.
   Reikningarnir samþykktir samhljóða.
3. Skemmtinefnd, Jónína Jóhannesdóttir gerði grein fyrir störfum skemmtinefndar: 7 spilakvöld, Jólatrésskemmtun, 2 fullorðinsböll, 1 unglingaball

2 sameiginleg bingó og barnaþorrablót.
4. Gjafir til Sjúkrahúss. Sigrún Ólafsdóttir sagðist hafa kinnt sér að t.d. vantaði lyftubað. Oddný Jósefsdóttir var búin að kanna hjá hjúkrunarkonu ~~hvað~~ hvað helst vantaði, hún sagði að helst vantaði, Rúm, útvörp og einnig vantaði náttborð. Var þetta rætt allt nokkuð, Ákveðið var að leggja ágóða af Happdrættissölu 25.536.00 í að kaupa 4-5 útvarpstæki og einnig var ákveðið að kaupa 1 Rúm fyrir Sjúkrahúsið ca 80 þúsund, Stjórn falið að sjá um þetta. Ákveðið að senda svohljóðandi tillögu til K.B.
„Aðalfundur kvenfélagsins Freyju, haldinn í Víðihlíð 16 apríl 1988, gerir það að tillögu sinni að stjórn K.B. athugi með áhuga hjá aðildarfélögum K.B fyrir að leggja fram fé til lyftubaðkers kaupa á Sjúkrahúsið Hvammstanga. Kaffi hlé.

5. Jónína Sigurðardóttir las upp úr dagbók sem hún skrifaði um ferðalag kvenna til Þýskalands 15 félagskonur fóru, 10 höfðu eiginmenn sína með í ferðina, en alls fóru 39 manns í ferðina. Fannst öllum ferðin hafa tekist vel og þyrfti bara að fara aftur í svona ferð.

6. Barnabókasafnsnefnd beðin að kaupa bækur fyrir safnið, eins og vanalega.

7. Ákveðið var að byðja Guðrúnu Ingadóttur að sjá um Græðling áfram.

8. Öskumál, ákveðið að gefa áfram verðlaunagripi.

9. Kaffiverð, fannst konum mjög nauðsynlegt að hafa kaffisölu, því það léttir mjög undir hjá fólki t.d. við jarðarfarir. Kvöldfundarkaffi 250 kr, miðdagskaffi 300 kr, jarðarfarakaffi 300 kr, veislukaffi 400kr. samþykkt samhljóða.

10. Ákveðið að gefa ekki til Flugbjörgunarsveitarinnar að þessu sinni.

11. Teppahreinsivél, formaður sagði að eitthvað þyrfti að gera í því sambandi, því vélin væri oft á tímum ekki vís og væri kanski í bíltúr um alla sveitina í lengri tíma. Fannst konum að þyrfti að fá einhvern vísann samastað fyrir vélina og ákveðið að hafa samráð við Ungmennafélagið í þessu máli.

12. Elín Líndal kom með tillögu um að kaupa einangrun í kaffiskúrinn og konur kæmu saman og ynnu við að koma einangruninni fyrir og klæða veggina. Sigrún Ólafsdóttir ætlar að athuga um verð á klæðningu.

13. Sesselja Stefánsdóttir spurði hvort ekki mætti kaupa fleiri bolla, ákveðið var að kaupa 50 stk.

14. Oddný Jósefsdóttir kom með tillögu um að allir ættu að taka miða í miðasölunni á böllum, var það samþykkt.

Í nóvember "87 fóru nokkrar félagsk. í heimboð til kvenf. Ársól í Vesturhópi, og var komið saman í Þorfinnsstaðaskóla var þetta mjög ánægjuleg samverustund

15. Kosningar.
Gjaldkeri endur kosinn með lófaklappi.
Skemmtinefnd Elín Líndal og Jónína Jóhannesdóttir endur kosnar með lófaklappi.
Á sambandsfund, Vilborg Jónsdóttir með 5 atkvæðum og Elínborg Ólafsdóttir með 5 atkvæðum. Til vara Brynhildur Gísladóttir með 4 atkvæðum og Jónína Jóhannesdóttir og María Pétursdóttir með 2 atkvæðum.
16. Tillaga til K.B.
Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 16 apríl 1988, gerir það að tillögu sinni að formenn aðildarfélaga K.B. verði sjálfkjörnir á aðalfund K.B. með full réttindi.
Fleira lá ekki fyrir fundi. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Formaður þakkaði konum fundarsetuna og sleit fundi.

Fundarritari: Oddný Jósefsdóttir.

216 Fundargjörð.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju 22-8. 1988.
Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar
og bað Sigríði Tryggvadóttur að skrifa fundargerð,
mættar voru 11 konur.
Formaður bað Sesselju Stefánsdóttur að lesa fundargerð
K.B. hún rædd og beðið um smá leiðréttingar á
henni.
Rætt um lyfttubaðkarið og ákveðið að bíða eftir
niðurstöðu úr hinum félögunum.
Von er á Frú Vigdísi Finnbogadóttur forseta Íslands
í heimsókn í Húnavatnssýslur og verður hún í
miðdagskaffi 26 ágúst, rætt um hvar ætti
að gróðursetja plöntur þar sem hún kemur með,
voru skiptar skoðanir um hvort þeim eigi
að planta í Kvenfélagsgarði eða Ungmennafélagsreit.
Talað um að hreppsnefnd ákveði hvort yrði gert.

hinnig rætt um bakstur og vinnu við móttöku forseta í Víðihlíð. Formaður þakkaði konum komuna Fleiri ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Fundarritari: Sigríður Tryggvadóttir.

# 217 Fundargjörð.

Stjórnarfundur haldinn í kvenfélaginu Freyju 14 september 1988 í Víðihlíð. Rætt var um kaffiverð við Forseta heimsókn, ákveðið að hafa það 450 kr.
Einnig var rætt um verð í réttum, ákveðið var að hafa kaffiverð 300 kr, öl 50 kr, Molakaffi 80 kr kakó 80 kr, samloka 150 kr, pylsur 100 kr, súkkulaði 30 kr og karamellur á 2 kr.
Fleira lá ekki fyrir fundi.
Fundi slitið.

Ritari: Oddný Jósefsdóttir.

218 Fundargjörð.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju 15 nóvember 1988.
Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar 9. mættu. og bað
Odd[n]ýju Jósefsdóttur að vera fundarritara. Og bauð nýjan
félaga velkomnan til starfa, var það Ingunn Lena
Bjarnadóttir í Ánesi og bað konur að klappa fyrir henni.
1. mál á dagskrá var Lyftubaðkaup handa Sjúkrahúsinu á
Hvammstanga (K.B. stendur fyrir kaupunum) verð á
baði er 487.211.- rætt var um hvað ætti að gefa til þess,
nokkrar um-ræður voru um þetta og ákveðið að gefa
130 - 150 þúsund.
2. Formaður spurði hver vildi taka að sér að kaupa
skraut í Krjásinstur, Ingunn Lena ætlar að safna
mosa og Sigrún Ólafsdóttir ætlar að kaupa skrautið,
ákveðið var að kaupa 100 stk.
3. Heimsækja þarf gamla fólkið, Sigrún Ólafsd. Ingunn

Lena Bjarnad og Elísabet Vigfúsd. ætla að fara. ákveðið var að bjóða Guðrúnu Ingad og Tryggva Björnsson frá Hrappsstöðum að fara líka og er Sigríður Tryggvadóttir til vara.

4. Formaður var með kinningarbæklinga frá Málaskóla Mímir, var lítill áhugi.

5. Formaður las upp bréf frá kvenfélagasambandi Íslands og var það fundarboð.
Einnig var lesið upp bréf frá Kvenfélagasambandi Oxfordshire í Englandi og ætlar sambandið þar að bjóða 40 íslenskum kvenfélagskonum að koma á 70 ára afmæli þess á næsta ári.

6. Bréf kom um námskeiða höld, rætt var um hvort konur vildu smyrbr og litgreiningar námskeið, voru skiptar skoðanir um það, ákveðið að ræða það á næsta saumaklúbb.

7. Formaður bað skemmtinefnd að sjá um,

spilakvöld fyrir K.B sem verður 10 desember, til ágóða fyrir Lyftubað, var það samþ.

8. Formaður athugaði hvort einhver vildi selja jólakort fyrir K.B og á stk að kosta 35 kr.

9. Rætt var um Leikhúsferð, höfðu konur áhuga á að sjá Sveitasinfóníjuna og fyrirhugað að fara 27 nóv. Sesselja Stefánsd. ætlar að athuga um verð.

Fleira lá ekki fyrir fundi. Formaður þakkaði konum fundarsetuna og sagði fundi slitið.

Ritari: Oddný Jósefsd.

219 Fundargjörð.

Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn í Víðihlíð 9 apríl 1989. Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar og bað Oddnýju Jósefsd. að vera fundarritara. 13 konur voru mættar.
Formaður las Ársskýrslu félagsins, farið var í leikhúsferð og séð „Sveitasinfónýjan," eftir Ragnar Arnalds. Félagsfundir á árinu voru 3, stjórnarfundir 2, saumaklúbbar 4 voru þeir allir vel sóttir.
Selt 7 sinnum kaffi, við ýmis tækifæri auk sölu í réttum. Börnin týndu rusl og fengu 50 kr fyrir pokann. Tókum þátt í spurningakeppni U.S.V.H. Skemmtikvöld KB haldið í Víðihlíð í umsjón okkar, þátttaka frekar lítil.
Gáfum Sjúkrahúsinu á Hvammstanga 5 útvörp og sjúkrarúm. Gáfum Flugbjörgunarsveitinni 10 þús í

afmælisgjöf. Sáum um 1 spilakvöld af 5 sem K.B. hélt sem var í staðinn fyrir sumarskemmtunina og reyndist þetta betri útkoma.
Keypt voru 50 bollapör og kaffivél. Sjúkrahúsið var aldrei heimsótt, og var veður fari mikið um að kenna. Sumarkaffi KB var á Hvammstanga og var fólk mjög ánægt þar, en fáir Víðdælingar voru.
Gjaldkeri las upp reikninga félagsins, tekjur 1.211.522.52, Gjöld 996,173.25. Frá fyrra ári 247.449.68, tekjuafgangur 215.349.27. Eignir í árslok 462.798.95. Reikningar samþ. samhljóða.
Skemmtinefnd skýrði frá starfsemi skemmtinefndar
2 Bingó jóla og páska, Jólatrésskemmtun fyrir börn, Barnaþorrablót, 1 unglingadansleikur, 2 almennir dansleiki

Önnur mál.

Þakkarbréf kom frá Guðmundi Sigurðssyni f.h. Sjúkrahússins á Hvammstanga, voru það sérstakar

þakkir fyrir gjöf frá Kvenfélaginu Freyju í Lyfthibaði og er mjög gaman að fá svona bréf. Bréf kom frá Vestmannaeyjum, var verið að kynna ferðapakka til eyja, meðal annars skoðunarferðir á sjó og á landi og skoða mannlífið. Formaður las bréf frá kvenfélagasambandi Íslands, var það fréttakorn frá Hallveigarstöðum, um starfsemi sambandsins, meðal annars var bréf „Norræna bréfið 1989" sem Sigrún Ólafsd. las, og sem Margrét Guðnad. prófessor ritaði um jafnréttismál eru um fleira en jafnrétti kynjanna. Þættir í greininni voru: Heilsugæslan, Réttur mæðra og barna, Baráttan fyrir betri heimi og Baráttan gegn sjúkdómum. Einnig voru bréf og bæklingar um sifjaspell, lítið rætt, en talið nauðsynlegt að gera eitthvað í þessum málum.
Bréf og hjálparbeiðni um peningagjöf barst frá

Krísuvíkur samtökunum, Brynhildur Gíslad. las bréfið upp, ákveðið var að gefa 5 þúsund. Samþ. að byðja Guðrúnu Ingad. að sjá um Grafling.
Tillaga kom frá formanni að Formaður og skemmtinefnd fengju símapeninga til umráða, samþ.
Félagið lagði fram svohljóðandi tillögu „Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn 9 apríl 1989 í Víðihlíð, samþ. að ath. um kaup á flóðlýsingu fyrir Víðidalstungukirkju í tilefni af 100 ára afmæli hennar og leita samstarfs við Ungmennafélagið Víði um kaupin!" Samþ.
Barnabókasafn ákveðið að gefa 15 þúsund og ákveðið að hafa bókasafnið áfram hér í húsinu, þó skólinn hætti hér og helst að sameina það lestrarfélagi hreppsins og barnabókasafns.nefnd falið að senda lestrarfélaginu tillögu um að fá að hafa safnið hjá þeim.

Kaffiverð var ákveðið. Kvöldkaffi án brauðs. 350 kr, en með brauði 400 kr. Molakaffi 80 kr.
Umsókn í félagið kom frá þrem karlmönnum um inngöngu í félagið, var Vilborgu Jónsd falið að skrifa þeim bréf frá félaginu og vísa þeim frá, því umsækjandi þyrfti að vera kona.
Athugað var hvort félagið ætti að taka þátt í námskeiðagjaldi í postulíni, fannst sumum að ætti ekki að gera það, en samþ. að greiða hálft gjald. Áhugi var að kaupa plöntur í garðinn og reyna að girða í kring og ákveðið að kaupa 150 plöntur.

Kosningar.

Formaður: Steinunn Guðmundsd með 6 atk. Varaformaður Sigríður Tryggvadóttir með 5 atk.
Skemmtinefnd: Sigrún Ólafsd. með 9 atk, Sigríður Magnúsd. með 6 atk. Sigríður Tryggvad með 5 atk.

Til vara Sigrún Valdimarsd. með 5 atk, Ingunn Lena Bjarnad. með 5 atk og Jónína Sigurðard. með 3 atk.
Á sambandsfund: Steinunn Guðmundsd. með 4 atk, Brynhildur Gíslad. með 4 atk og til vara Oddný Jósefsdóttir með 4 atk, Sigrún Ólafsd með 2 atk, Elínborg Ólafsd. með 2 atk, María Pétursd. með 2 atk og Sigríður Magnúsd. með 2 atk.
Húsnefnd: Sigríður Tryggvad. með 10 atk. Til vara 1. Sigrún Ólafsd. með 2 atk, 2. Elínborg Ólafsd. með 2 atk og 3. Sesselja Stefánsd með 2 atk.
Endurskoðendur: Ingibjörg Danielsd og Elín R. Lindal.
Formaður vakti máls á að gefa eitthvað til Víðidalstungukirkju, kirkjuna vantar fánastöng og hökul.
Formaður hafði áhuga á að kaupa Ljósakross á kirkjuna og kostar hann um 200 þúsund. Áhugi var á að mæla með flóðlýsingu um kirkjuna.
Jónína Sigurðardóttir var beðin að athuga þetta.

Tillaga kom frá Jónínu Sigurðardóttur
"Aðalfundur kvenfélagsins Freyju haldinn
í Víðihlíð. 9 apríl 1989. Samþykkir að
kaupa 50 rauðar sálmabækur og færa Víðidals-
tungukirkju að gjöf."
Sesselja Stefánsd. beðin að kaupa Rykkilín og
athuga um verð á Hökkli.
~~Sesselja~~ Stefánsdóttir þakkaði frá farandi formanni
gott samstarf, fyrir hönd allra félagskvenna og
ekki síst þakkaði hún fjölskyldu hans fyrir
mikla aðstoð (vinnu) fyrir félagið.
Frá farandi formaður þakkaði konum frábært
samstarf og sagði að við hefðum verið alveg
frábærar, og bauð nýjan formann velkominn
og óskaði honum velfarnaðar í starfi.
Fleira lá ekki fyrir fundi. Fundi slitið.
Ritari: Oddný Jósefsdóttir

220 Fundargjörð.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju í Víðihlíð miðvikudaginn 26 apríl 1989 kl 16.00.
Formaður Steinunn Guðmundsd, setti fundinn og bauð konur velkomnar. 8 konur voru mættar.
Fyrsta mál. Bréf hafði borist frá kvennabandinu um hvort félagskonur hefðu áhuga á að taka þátt í heimilisiðnaðarsýningu á vegum MEMOR á Hvammstanga sem halda á 10 og 11 júní.
Ákveðið var að taka þátt í sýningunni með öðrum félögum á svæðinu. Kosinn var einn fulltrúi í undirbúningsnefnd. Kosin var Oddný Jósefsd og Ólinborg Ólafsd til vara.
Annað mál. Komnar voru 50 sálmabækur sem pantaðar hefðu verið fyrir kirkjuna ásamt rykkilíni.
Þriðja mál. Lesið var bréf frá nefnd um hreinsunarátak í sveitinni. Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Fundarritari. Ólína R. Lindal

221 Fundargjörð.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju í Víðihlíð sunnudagskvöldið 16 júlí 1989.

Formaður Steinunn Guðmundsd. setti fundinn og bauð konur velkomnar. Mættar voru 8 konur.

1. Bréf hafði borist frá Saumastofunni Borg h/f um að samþ. hefði verið á aðalfundi tífölda hlutafjár. Hlutafé kvenfélagsins í Borg h/f er 48.000.00 og réttur félagsins til kaupa er því 432.000.-. Ákveðið var að leggja fram 100.000.- kr, enn-fremur var ákveðið að taka málið upp aftur með haustinu og athuga með meiri hlutafjár kaup þá.

2. Bréf hafði borist frá húsnefnd Víðihlíðar um beiðni um fjárstyrk kr 20 þúsund vegna fjár frekra framkvæmda við bílaplanið, ákveðið var að veita styrkinn.

3. Samkvæmt ákvörðun aðalfundar var athugað

með flóðlýsingu við Víðidalstungukirkju. Ákveðið var
að gefa lampana og perurnar í lýsinguna.
4. Leitað var eftir því hvort kvenfélagið vildi taka
þátt í átaksverkefni um skógrækt, sem framkvæma
á, á jörðinni Saurum. Ákveðið var að hafna þeirri beiðni.
5. Lesin var fundargerð K.B.
6. Ákveðið var að fá Ólöfu Sigurbjartsd. til að merkja
tré í Freyjulundi til grisjunar og eins að klippa
og snyrta hann.
Almennar umræður

Fundarritari
Elín R. Líndal

222 Fundargjörð.

Stjórnarfundur haldinn í kvenfélaginu Freyju í Birkihlíð fimmtudaginn 14 september 1989.
Ræða átti réttaverð. Ákveðið var að selja kaffi á 400.-, Pylsu 120.-, samloku 200.-, Prins 50.-, Öl 80.-, Malt og Pilsner 90.-, Molakaffi 80.-, kakódrykk 80.- og Karamellur á 2.- kr.
Ákveðið var að borga ekki fyrir dósa og rusl söfnun.

Fundarritari
Oddný Jósefsd.

223 Fundargjörð.

Fundur haldinn í kvenfélaginu Freyju 22 nóvember í Víðihlíð.
Formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar.
Mættar voru 8 konur.
Formaður minntist látins félaga Ingibjargar Danielsd og bað konur að rísa úr sætum og votta hinni nýlátnu virðingu sína.
1. Formaður spurðist fyrir um hvort konur hefðu áhuga á saumanámskeiði í sambandi við fullorðins fræðslu, einhver áhugi var.
2. Elín Líndal ræddi um hvort konur vildu sameina Barnabókasafnið, bókasafninu í Víðihlíð eða láta það fara í skólann á Laugarbakka, ákveðið var að hafa það í Víðihlíð og senda út dreifimiða og auglýsa safnið.
3. Heimsókn á Sjúkrahúsið, ákveðið var að fara og

reyna þá að fá einhverjar konur til að fara og syngja eitthvað fyrir gamla fólkið.

4. Jólaskreytingar. Ákveðið var að kaupa 100 Hiasintur.

5. Sesselja Stefánsd vakti máls á hvort félagið gerðist styrktarfélagi Þórdísar Lárusd. frá Þórukoti í minningu um móður hennar, allar voru sammála því og ætlar Sesselja að sjá um það.

6. Ákveðið var kaffiverð í Afmæli Víðidalstungukirkju 600 kr.

7. Rætt var um leikhúsferð, Ákveðið að reyna að fara fyrir jólaannir. Áhugi var að fara í Borgarleikhúsið. Og kvenfélagið borgi bíl og miða, fyrir konurnar og eiginmenn eða sambýlismenn þeirra.

8. Bréf og kort komu frá kvenfélagasambandi Íslands, voru það 10 kort sem beðið var um að selja, eru þau til styrktar Vináttuskildingasjóði Alþjóðasambands húsmæðra.

9. Bréf og mappa kom frá Kvennaathvarfinu, var athvarfið að leita eftir styrk, ákveðið var að gerast styrktarfélagi og borga 2400 kr.
10. Bréf kom frá Krísuvíkursamtökunum og voru þau að bjóða um fjárstyrk, ákveðið var að senda 2400-kr.
11. Athuga hugmyndir um merki fyrir K.B. Einnig fyrir kvenfélagið Freyju, ef einhver listakona er til.
12. Formaður þakkaði konum fundarsetuna og sagði fundi slitið.

Fundarritari

Oddný Jósefsd.

Föstudaginn 11 april 1930, var haldinn fundur að Víðidalstungu. átta fjelagskonur voru mættar. Sökum þess að, aðalfundur hefði farist fyrir í vetur, ákvað formaður að þessi fundur skildi vera aðalf.

Form. stýrði fundinum og nefndi skrifara Fríðu Sigurbjarnardóttir. Gjaldkeri las upp reikninga fjelagsins og voru þeir samþykktir. Fyrsta mál á dagskrá var um garðyrkjukonu. form. flutti málið, og skýrði frá því, að hún hefði talað við garðyrkju nefndina fyrir sunnan, hvort hún hefði ekki ráð á neinni garðyrkjukonu. Hún vísaði á stúlku sem lært hefði í Knararbergi. sem væri óráðin.

Form. bar upp tillögu. um hvort fundurinn vildi ákveða að taka garðyrkjukonuna. Var það samþykkt með öllum atkvæðum.

Annað mál var trjágarður form. flutti málið og fanst æskilegt, að kvenfjelagið gengist fyrir því að koma upp trjágarði í sveitinni, helst ef mögulegt yrði, í fjelagi við Ungmennafjelagið. Því kenfi hefði ekki nógan kraft eitt. svohljóðandi tillaga kom frá form. Fundurinn felur formanni fjelagsins, að leita styrktar sem N. K. til trjáræktar og undirbúnings skemtigarði fyrir sveitina. Tillagan samþykkt

Þriðja mál var sjóðmyndun. framsögk Aðalheiður. Haisum. Talaði hún lengi og vel fyrir þessu máli. Mintist ýmsra ágætra manna frá fornöldinni, sjerstaklega

Þorgeirs Ljósvetningagoða. Því hjá honum hefði sjer
altaf fundist, bera mest á sönnum drengskap og
göfugri framkomu, framar sagði sjer hefði dottið
í hug að við sem heima setum í vor Kjeldum fund
um Alþingishátíðina, og mynduðum þennan sjóð
með svolitlum Gjafgjöfum, frá hverri fjelagskonu.
Eftir nokkrar umræður kom svohljóðandi tillaga
frá framsokonu: „Fundurinn samþykkir að stofna sjóð
um Alþingishátíðina, í þeim tilgangi að veita unglingum
í Þorkelshólshrepp, fræðslu, er eingöngu stuðlaði
að því, að innræta þeim sannan drengskap, og göfuga
framkomu í hvívetna. Sjóður þessi sje stofnaður til
minningar um Þorgeir Ljósvetningagoða.“ Tillagan var
samþykkt. Til þess að semja skipulagsskrá fyrir sjóðinn
voru kosnar Aðalheiður í Hrísum Margrjet á Ásgeirsá
og Kristín Gunnarsdóttir. Næst komu nefndakosningar
Í rjettanefnd voru kosnar Elísabet í Hvarfi Elín í Valdarásseli
Jóhanna í Tungu. Fríða í Þórði og Margrjet í Dal.
Í skemtinefnd Herdís í Stórhól Fríða í Þórði
Aðalheiður í Hrísum Jónína á Lækjamóti og
Kristín í Auðunnarstöðum. Kosningu hlutu til að
fara á sambandsfund. Margrjet á Ásgeirsá. Kristín á
Auðunnarstöðum. varam Aðalheiður í Hrísum

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum .. og sagði
hún fundi slitið.

Fríða Sigurbjarnardóttir (skrifari)

fundarstjóri